1.9.2016

Handbók

um velferð og öryggi barna í leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar

Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar

Efnisyfirlit

1 Lög og reglugerðir 5
1.1 Lög, reglugerðir, námskrá og fleira sem gildir um leikskóla 5
1.2 Lög, reglugerðir, námskrá og fleira sem gildir um grunnskóla 5
2 Velferð barna, skólabragur, einelti og önnur óæskileg hegðun 6
2.1 Sýn skóla á velferð 7
2.2 Forvarnir 8
2.2.1 Forvarnastefnur 9
2.2.2 Tilkynningarskylda til barnaverndarnefnda 9
3 Netöryggi 13
4 Slysavarnir og andlegt, líkamlegt og félagslegt öryggi 13
4.1 Forvarnir og fræðsla 13
4.1.1 Að bregðast við grun um einelti 13
4.1.2 Forvarnastefna 14
4.2 Áfallaáætlun 14
4.3 Viðbragðsáætlun vegna inflúensu 14
4.4 Slysavarnir og líkamlegt öryggi 15
4.5 Sjúkrakassi 16
4.5.1 Notkunarreglur sjúkrakassa 16
5 Öryggi í námsumhverfinu 16
5.1 Fyrirbyggjandi aðgerðir 16
5.1.1 Starfsmenn 17
5.1.2 Skólastofur og fatahengi 17
5.1.3 Þurrkskápar 17
5.1.4 Hávaði 17
5.1.5 Matmálstímar 18
5.1.6 Húsgögn 18
5.1.7 Hurðir, hurðapumpur og klemmuvarnir 19
5.1.8 Opnanleg fög 19
5.1.9 Gluggakistur 19
5.1.10 Gardínubönd 19

5.1.11 Miðstöðvarofnar, rafmagnsofnar, blöndunartæki og heitt vatn 19
5.1.12 Stigar og tröppur 20
5.1.13 Salerni, handlaugar og skiptiborðsaðstaða 20
5.1.14 Eldhús 20
5.1.15 Eiturefni og eitraðar plöntur 20
5.1.16 Rafmagnsöryggi 20
5.1.17 Kerti og eldfim efni 21
5.2 Námsgögn og leikföng 21
5.2.1 CE-merkingar 21
5.2.2 Leikföng fyrir 0-3 ára 21
5.2.3 Kokhólkur 21
5.2.4 Nokkur atriði til athugunar við innkaup á leikföngum 21
5.2.5 Leikföng og annað að heiman 22
5.3 Íþróttahús 22
5.3.1 Íþróttasalir/hreyfirými 22
5.3.2 Ábyrgð íþróttakennara 23
5.4 Sund 23
5.4.1 Ábyrgð skólastjóra og sundkennara 24
5.5 Námsumhverfi úti 24
5.5.1 Starfsmenn 24
5.5.2 Lýsing 25
5.5.3 Ljósastaurar, girðingar og hlið úr járni 25
5.5.4 Ruslaskýli, tunnur og gámar 25
5.5.5 Hjólastandar 25
5.5.6 Umferð og bílastæði við skólalóð 25
5.5.7 Göngu- og hjólaleiðir barna í skólann 25
5.5.8 Akstur með aðföng og önnur umferð á skólalóðinni 26
5.5.9 Göngustígar og gangstéttar 26
5.5.10 Tröppur, rampar og handrið 26
5.5.11 Hálka 26
5.5.12 Leikvallatæki 26
6 Eftirlit 27
6.1 Innra eftirlit 27
6.1.1 Eftirlit starfsmanna 28

7 Öryggi í ferðum á vegum leik- og grunnskóla 28
8 Slys 29
8.1 Að hefja skyndihjálp og sinna barni þar til sjúkrabíll kemur 29
8.2 Að koma ró á svæðið – hinn slasaði gengur alltaf fyrir 30
8.3 Fyrstur á slysstað 30
8.4 Fjögur skref skyndihjálpar 30
8.5 Greiningarstig áverka 30
8.6 Hringt á sjúkrabíl og sjúkrakassi sóttur 31
8.7 Hvernig á að hringja í Neyðarlínuna – 112 31
8.8 Viðbrögð gagnvart vitnum og öðrum börnum á slysstað 31
8.9 Tilkynning til foreldra um slys á barni 32
8.9.1 Slys sem eru ekki talin lífshættuleg 32
8.10 Eftir slys 32
8.10.1 Skráning slysa í skólum 33
8.10.2 Hvenær á að skrá slys í skóla? 33
8.10.3 Að hverju þarf að gæta þegar skráð er? 33
8.10.4 Undirritun foreldra á slysaskráningarblaðið og afrit af því 33
8.10.5 Hvað er gert við slysaskráningarblöðin? 34
8.11 Lögregluskýrsla 34
8.11.1 Slys á börnum sem gera skal lögregluskýrslu um 34
8.12 Endurskoðun öryggismála eftir slys 34
8.13 Viðtal við foreldra eftir alvarlegt slys 35
8.13.1 Foreldraráð, skólaráð og foreldrafélag 35
8.14 Tilkynning um slys – hvert ber að tilkynna? 35
8.14.1 Tilkynning 36
8.14.2 Heilbrigðiseftirlit 36
8.14.3 Tilkynningar til tryggingafélaga 36
9 Almannavarnir og eldvarnir 36
9.1 Rýming 37
9.2 Eldvarnir 37
9.3 Náttúruvá 37
9.3.1 Loftgæði og svifryk 37
9.3.2 Eldgos 38
9.3.3 Eldingar 38

9.3.4 Fárviðri 38
9.3.5 Jarðskjálftar 38
9.3.6 Viðbrögð við jarðskjálfta 38
9.3.7 Snjóflóð og aurskriður 38
9.3.8 Jökulhlaup 38
9.3.9 Flóðbylgjur 39
10 Skólareglur og fleira á heimasíðum skólanna 39

1 Lög og reglugerðir

Lög og reglugerðir sem vísað er til í handbók þessari gilda með síðari breytingum, þegar um slíkt er að ræða.

1.1 Lög, reglugerðir, námskrá og fleira sem gildir um leikskóla

- Aðalnámskrá leikskóla.
- Barnalög nr. 76/2003.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012.
- Lög um almannavarnir nr. 82/2008.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
- Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 893/2009.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum nr. 348/2007.
- Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.
- Reglugerð um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu nr. 944/2014.
- Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002.
- Reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009.
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

1.2 Lög, reglugerðir, námskrá og fleira sem gildir um grunnskóla

- Aðalnámskrá grunnskóla.
- Barnalög nr. 76/2003.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012.

- Leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga á grundvelli 13. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.
- Lög um almannavarnir nr. 82/2008.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995.
- Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.
- Reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
- Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 658/2009.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum nr. 348/2007.
- Reglugerð um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu nr. 944/2014.
- Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002.
- Reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009.
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

2 Velferð barna, skólabragur, einelti og önnur óæskileg hegðun

Skólinn er griðastaður barna og ungmenna og hvílir mikil ábyrgð á öllu starfsfólki skóla að búa börnum vellíðan og öryggi í daglegu starfi. Velferð barna er sameiginlegt verkefni skóla og heimila. Það er mikilvægt að börn fái notið bernsku sinnar og eigi góðar minningar úr skóla.

Þegar fjallað er um velferð nemenda í þessari handbók er einkum horft til þriggja þátta:

- Félagslegs öryggis nemenda, sem njóta viðurkenningar og geta metið stöðu sína út frá eigin verðleikum.
- Tilfinningalegs öryggis nemenda, sem upplifa væntumþykju annarra.
- Trausts, þar sem nemendur upplifa að þeir geti treyst þeim sem standa að menntun þeirra.

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst (Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands)**.** Markmið laga og reglugerða um skólahald er meðal annars að tryggja að nemendum líði vel. Mikilvægt er að þeir búi við öryggi og gagnkvæmt traust ríki í skóla-samfélaginu.

2.1 Sýn skóla á velferð

Bernsku- og æskuárin eru mikilvægt skeið í ævi hvers einstaklings og eiga skólar að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og ungmenna. Skólastarfið á að miða að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skólans sem utan. Í lögum um leikskóla og grunnskóla eru skýrar áherslur á öryggi og velferð og hvatt er til góðs samstarfs allra aðila skólasamfélagsins um farsælt skólastarf. Allir geta verið sammála um að nemendur eiga að upplifa góðar minningar úr skóla, hvort heldur er námslega, félagslega eða tilfinningalega.

Barn sem líður vel í skóla, á góða vini og upplifir beina þátttöku í að móta góðan skóla, er líklegt til að ná árangri í skólastarfi. Góður árangur í skóla hefur einnig áhrif á heilsufar. Áhrifin af góðum árangri í skólastarfi og vellíðan eru gagnkvæm. Barn sem býr við tilfinningalegt og félagslegt öryggi í skólanum er líklegt til að geta metið stöðu sína og náð árangri á eigin forsendum.

Skólinn er næstmikilvægasta umhverfi barns, á eftir heimili þess, og þar mótast meðal annars félags- og tilfinningaþroskinn. Því er mikilvægt að skólar móti sér sýn á velferð nemenda og birti hana í námskrám sínum.

Í skólastefnu Ísafjarðarbæjar er fjallað um virðingu og lýðræði. Ríkja skal gagnkvæm virðing meðal starfsfólks, barna og foreldra.

Mikilvægt er að styrkja einstaklinginn til að tjá skoðanir sínar og tilfinningar. Leggja ber áherslu á að kenna hverjum og einum að bera ábyrgð á gjörðum sínum og að nýta sér þá kennslu og aðstoð sem í boði er. Skapa skal nemendum tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið. Í skólunum eru til staðar virkir verkferlar vegna eineltis, áfalla og annarra atvika sem upp kunna að koma.

Í skólunum okkar:

- Er unnið með markvissum hætti að eflingu sjálfsvirðingar og sjálfsábyrgðar.
- Er einelti ekki liðið.
- Er lögð áhersla á umburðarlyndi og skilning á sérstöðu einstaklingsins.
- Er lögð áhersla á að öllum líði vel.
- Er unnið með jákvæðni og gleði að leiðarljósi.
- Er lögð áhersla á sjálfsaga og stundvísi.

Viðbragðsáætlanir vegna eineltis eða gruns um einelti eru í efnisgrein **4.1.1 Að bregðast við grun um einelti**, bls. 13.

Foreldrar eru hluti af skólasamfélaginu og mikilvægt er að traust og virðing ríki milli heimilis og skóla. Foreldrar skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samráð við starfsfólk skóla og fylgjast með skólagöngu þeirra og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barnanna. Foreldrum ber að greina skólanum frá þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun, svo sem um vanlíðan barna sinna og áföll sem gætu haft áhrif á skólagönguna, sem og þegar breytingar verða á högum þeirra og aðstæðum.

Í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 segir að skólastjórnendum og kennurum beri að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Umsjónarkennarar skulu upplýsa foreldra reglulega um skólabrag og

bekkjaranda og leita eftir uppbyggjandi samstarfi við foreldrahópinn um hvort tveggja. Þetta getur einnig átt vel við um leikskólann.

Skólar eiga að hafa frumkvæði að því að stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda. Kennurum og öðru starfsfólki ber að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum, menningu og aðstæðum skilning og virðingu.

Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér. Sett eru fram leiðarljós í aðalnámskrá leikskóla sem eiga að vísa þeim veginn í mótun leikskólastarfs. Starfsfólk leikskóla, í samráði við foreldra og börn, þarf að koma sér saman um hvernig starf leikskólans tekur mið af leiðarljósunum og skrá aðferðir og leiðir í námskrá hans.

2.2 Forvarnir

Skólinn skal vinna markvisst að forvörnum með því að stuðla markvisst að velferð barna og farsælli skólagöngu þeirra, þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan.

Góð heilsa er undirstaða velfarnaðar í námi og starfi og virkrar þátttöku í samfélaginu. Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, hvort það hafi trú á eigin hæfni, sé áhugasamt og sýni vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í skóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barns og góðri heilsu. Í skólum gefst tækifæri til að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan, óháð efnahag og aðstæðum á heimilum nemenda.

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngunnar. Almenn menntun miðar að því að efla sjálfsskilning einstaklingsins og hæfni hans til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hugtakið hæfni felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda. Nemendur þurfa að vita hvað þeir kunna og hvað þeir geta, vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði.

Upplifun nemenda er mikilvægt atriði í því að styrkja velferð þeirra. Það hvernig nemendur upplifa stöðu sína og gengi í skólanum hefur þar áhrif, sem og ytri aðstæður eins og skóla-húsnæði.

Í skólastefnu Ísafjarðarbæjar er fjallað um hollustu og hreyfingu, umhverfi og skipulag.

Hollusta og hreyfing

Mikilvægt er að leggja grunn að heilsusamlegum lífsstíl strax við upphaf skólagöngu og skulu skólarnir hafa það að leiðarljósi í starfi sínu. Mikilvægt er að nemendur fái skipulagða hreyfingu á hverjum degi og jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi hollrar næringar.

Í skólunum okkar:

- Er skóladagurinn skipulagður með hliðsjón af þörf nemenda fyrir hreyfingu.
- Er farið að ráðleggingum Lýðheilsustöðvar varðandi skólamötuneyti.
- Er útivist mikilvægur þáttur í skólastarfinu.

- Er virk forvarnastefna.
- Er hvorki neytt áfengis, tóbaks né annarra vímuefna.

Umhverfi og skipulag

Tryggja skal að öll börn 18 mánaða og eldri fái leikskólapláss. Lögð verður áhersla á samfelldan skóladag. Vinnuaðstaða nemenda og starfsfólks skal vera eins góð og kostur er. Áherslu skal leggja á aðgengi að góðum bókakosti. Í öllum skólum og umhverfi þeirra skal leggja áherslu á góða umgengni.

Í skólunum okkar:

- Er lögð áhersla á öryggi við leik og störf.
- Eru skólalóðir hvetjandi til leikja.
- Er unnið að því að efla virðingu nemenda fyrir umhverfi sínu.
- Er lögð áhersla á umhverfisvernd og sjálfbærni.

2.2.1 Forvarnastefnur

Forvarnir eru í eðli sínu víðtækar og ná til flestra þátta í daglegu lífi okkar. Forvarnir eiga að spanna allt lífsskeið fólks og hafa velferð og farsæld íbúanna að leiðarljósi. Jafnrétti og fordómaleysi þarf að einkenna forvarnir. Sýnt hefur verið fram á margvíslegan ávinning útivistar, íþrótta og tómstunda með tilliti til lýðheilsu. Tryggja þarf að allir geti notið þess að ástunda heilbrigt líferni án tillits til efnahags, fötlunar, aldurs eða kyns.

Skólum er skylt að vinna eftir forvarnastefnu sveitarfélagsins, en sérhver stofnun skal jafnframt setja sína forvarnastefnu. Þá skal taka mið af jafnréttisstefnu og félags- og velferðarstefnu sveitarfélagsins. Nánar hér á vef Ísafjarðarbæjar.

2.2.2 Tilkynningarskylda til barnaverndarnefnda

Í barnaverndarlögum segir:

„Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglum um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.“ Barnaverndarlög nr. 80/2002, 17. gr.

Með þessum verklagsreglum er gert ráð fyrir að starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla meti hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttað að tilkynna eigi um það til barnaverndarnefndar þar sem barnið býr. Tilkynna skal um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það eru síðan barnaverndarnefnd og/eða starfsmenn hennar sem meta hvort grunur sé nægilega rökstuddur og taka ákvörðun um frekari könnun í framhaldi af því.

Tilkynningarskylda gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Líkamlegt ofbeldi getur meðal annars falist í því að barnið er slegið eða hrist, því hent til, það brennt eða bundið.

Verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsmanna til barnaverndarnefnda

Verklagsreglurnar eru unnar í samstarfi við fulltrúa menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Barnaverndar Reykjavíkur og Barnaverndarstofu. Þær varða börn upp að 18 ára aldri og ná því til allra starfsmanna leik- og grunnskóla og fyrstu bekkja framhaldsskóla. Markmið barnaverndar er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Í því felst meðal annars skylda til að kanna aðstæður barna þegar grunur leikur á að þau búi við ofangreindar aðstæður, veita nauðsynlegan stuðning og beita úrræðum til verndar börnunum þegar við á. Hagsmunir barna eiga að vera leiðarljós í öllu starfi barnaverndarnefnda og ætíð ber að leita þeirra lausna sem börnunum eru fyrir bestu.

Helstu atriði sem tilkynnt er um varða grun eða vissu um vanrækslu, ofbeldi eða að barn stefni heilsu sinni og þroska í hættu. Nánari umfjöllun um þessa flokka er að finna aftast í verklagsreglunum. Hafa ber í huga, að oft á tíðum er erfitt að tengja vanræksluna eða ofbeldið við eitthvert eitt atriði og ljóst er að ekki er unnt að nefna öll þau tilvik eða aðstæður þar sem barnaverndaryfirvöld eiga að koma að máli barns. Því þarf ætíð að meta hvert tilvik sjálfstætt.

Hver skóli þarf að hafa ákveðið verklag um hvernig tilkynnt er til barnaverndarnefndar og hver gerir það. Fyrirkomulagið sem valið er þarf að vera til þess fallið að tilkynningu sé komið á framfæri eins fljótt og unnt er. Mikilvægt er að þetta verklag sé öllum starfsmönnum skólans ljóst. Þannig gæti það verið skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur eða einhver annar starfsmaður skólans sem kemur tilkynningunni á framfæri.

Gert er ráð fyrir að tilkynnt sé í nafni stofnunarinnar og tilkynningin sé á ábyrgð hennar en ekki einstakra starfsmanna. Stofnunin nýtur ekki nafnleyndar, sbr. 19. gr. barnaverndarlaganna. Tilkynna skal til barnaverndarnefndar þar sem barn býr. Einnig er hægt að ná sambandi við barnaverndarnefnd gegnum síma 112. Þrátt fyrir að verklag skólans geri ráð fyrir ákveðnu ferli innan stofnunar getur einstakur starfsmaður einnig tilkynnt til barnaverndarnefndar. Tilkynningin er þá frá viðkomandi starfsmanni, sem nýtur ekki nafnleyndar.

Þegar tilkynnt er um vanrækslu eða áhættuhegðun barns er oftast nær um að ræða ástand sem hefur varað í lengri tíma og hefur ekki breyst nægjanlega þrátt fyrir ábendingar og leiðbeiningar starfsmanna til foreldra. Í þessum tilvikum getur verið heppilegt að tilkynna málið til barnaverndarnefndar á fundi þar sem starfsmaður skóla, foreldri og barnaverndarstarfsmaður fara yfir málið. Sé það ekki unnt er hægt að tilkynna til barnaverndarnefndar skriflega eða símleiðis.

Hér þarf að meta aðstæður barnsins og ástæður tilkynningar, svo og vinnulag skólans og barnaverndarnefndar í hverju tilviki, og því getur fyrirkomulag við móttöku tilkynninga verið breytilegt milli staða.

Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er mikilvægt að **ræða ekki um það við barnið heldur hafa strax samband við barnaverndarnefnd**. Það er síðan hlutverk barnaverndarstarfsmanna að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um það gilda.

Tilkynningin þarf að vera rökstudd. Oft á tíðum getur verið erfitt að meta hvort um vanrækslu sé að ræða eða ekki og stundum getur verið um einhverja tilfinningu að ræða sem mikilvægt

er að fá aðstoð við að skilja hvers vegna hefur vaknað. Í þessum tilvikum er unnt að hringja í viðkomandi barnaverndarnefnd og ræða tilvikið nafnlaust og í framhaldi af því taka ákvörðun um hvort tilkynna eigi um málið eða ekki.

Samskipti við foreldra

Að jafnaði skal láta foreldra vita af tilkynningunni og gera þeim grein fyrir að starfsmenn skóla séu að fylgja lagaskyldu að tilkynna grun um vanrækslu eða ofbeldi til barnaverndarnefndar. Í samtali við foreldra þarf að koma fram að málið snúist um velferð barnsins og stuðning við það og fjölskyldu þess, fremur en ásökun í þeirra garð, og markmiðið sé að leita lausna og veita viðeigandi stuðning.

Þegar grunur hefur vaknað um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu, hvort heldur líkamlegt eða kynferðislegt, skal hafa beint samband við barnaverndarnefnd **án þess að upplýsa foreldra um það.** Ástæðan er sú, að búi barn með einhverjum sem beitir ofbeldi getur verið hætta á að barnið verði beitt enn meira ofbeldi eða hótunum ef viðkomandi veit að tilkynnt hefur verið til barnaverndarnefndar.

Í sumum tilvikum sæta þessi mál einnig lögreglurannsókn og mikilvægt er að meintur gerandi fái ekki tækifæri til að hafa áhrif á framburð barnsins. Komi barn með sýnilega áverka í skóla eða segi frá alvarlegu ofbeldi skal samstundis hafa samband við barnaverndarnefnd.

Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd

Mikilvægt er fyrir barnaverndarnefndir að eiga greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um börn og foreldra við könnun barnaverndarmáls til að meta aðstæður barnsins. Upplýsingaskyldan gildir óháð því hvort viðkomandi stofnun hefur tilkynnt um málið til barnaverndarnefndar eða ekki. Þessi ákvæði eru tiltekin í barnaverndarlögunum:

„Öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaust í té upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins. Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalist eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglinga, skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins. Þá skulu lögregla og sakaskrá ríkisins með sama hætti láta nefndinni í té upplýsingar sem þessar stofnanir búa yfir um barn og foreldra þess og varðað geta málið. Upplýsingar samkvæmt þessari grein skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni berst. Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.“ Barnaverndarlög nr. 80/2002, 44. gr.

Dæmi um tilvik sem rétt er að tilkynna um til barnaverndarnefnda

Hafa ber í huga, að oft á tíðum er það ekki eitthvert eitt tilvik eða atriði sem vekur áhyggjur starfsmanns. Um getur verið að ræða fleiri þætti eða ástand og tilfinningu fyrir líðan barns sem vekur áhyggjur starfsmanns. Barnaverndarmál eru oft flokkuð á eftirfarandi hátt: Vanræksla, andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og að barn stefni heilsu sinni og þroska í hættu með eigin hegðun.

Mörkin milli hinna ólíku flokka eru stundum óljós og ótal atriði er unnt að setja undir hvern flokk. Listann hér að neðan má hafa til hliðsjónar til að hjálpa starfsmanni að glöggva sig á líðan og ástandi barnsins. Mikilvægt er að undirstrika, að listinn er ekki tæmandi.

1. **Vanræksla** getur verið bæði andleg og líkamleg og felur í sér að barn fái ekki nauðsynlega umönnun og aðbúnað og hafi leitt til skaða á þroska þess eða sé líklegt til þess. Vanræksla getur hafist strax á fósturstigi.

- Vanræksla getur falist í því að barn fái ekki líkamlegum þáttum fullnægt vegna sinnuleysis foreldra, ekki sé hugað að því að barn fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu o.fl.
- Vanrækslan getur varðað umsjón og eftirlit barnsins, eins og að það sé skilið eftir eitt og eftirlitslaust án þess að hafa til þess aldur eða þroska eða að foreldrar eru ófærir um að sinna þörfum barnsins vegna eigin áfengis- og/eða vímuefnaneyslu.
- Vanræksla getur varðað skólagöngu barns, t.d. að barn komi ítrekað í skólann án nauðsynlegra áhalda eða fatnaðar og ábendingar til foreldra um það bera ekki árangur.

2. **Andlegt ofbeldi** er oft erfitt að greina, en það getur engu að síður haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir barnið. Það felur í sér að foreldrar eða aðrir umönnunaraðilar sýna barninu viðvarandi neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar, sem eyðileggja eða hindra þróun jákvæðrar ímyndar barnsins.

- Andlegt ofbeldi getur falist í viðhorfi eða hegðun sem segir að barnið sé einskis vert, engum þyki vænt um það eða enginn vilji sjá það.
- Andlegt ofbeldi getur falist í algjöru sinnuleysi, eins og að sýna barninu engar tilfinningar.

3. **Líkamlegt ofbeldi** er ofbeldi sem beint er að börnum og hefur leitt til að barnið skaðist eða sé líklegt til þess. Barnið getur borið merki ofbeldisins, eins og marbletti, brunasár eða beinbrot sem barnið og/eða foreldrar reyna að fela eða eiga erfitt með að útskýra eða útskýring verður ótrúverðug.

- Líkamlegt ofbeldi getur falist í því að barni eru viljandi gefin hættuleg lyf eða annað sem skaðað getur barnið.

4. **Kynferðislegt ofbeldi** gagnvart barni felur í sér: Kynferðislega athöfn gagnvart eða með barni innan 15 ára aldurs, með eða án vilja þess. Kynferðislega athöfn gagnvart eða með barni 15 ára eða eldra, án vilja þess.

- Kynferðislegt ofbeldi getur falist í því að barn sé látið horfa á klámefni eða kynfæri eða myndir teknar af barni í þeim tilgangi að örva aðra kynferðislega.
- Kynferðislegt ofbeldi getur falist í því að þuklað sé á kynfærum barns eða barn látið þukla á kynfærum einhvers.
- Kynferðislegt ofbeldi getur falist í samförum við barn.

5. **Áhættuhegðun barns** felur í sér að barn hegðar sér á einhvern hátt sem hefur skaðað eða er líklegt til að skaða heilsu þess og þroska.

- Áhættuhegðun barns getur verið neysla á áfengi eða vímuefnum eða barnið er farið að stunda afbrot.
- Áhættuhegðun barns getur verið þegar barn skaðar sjálft sig með því að veita sjálfu sér áverka.
- Áhættuhegðun barns getur verið þegar barn beitir aðra líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.

Nánari upplýsingar um vinnslu barnaverndarmála má finna á heimasíðu Barnaverndarstofu.

3 Netöryggi

SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) og samtökin Heimili og skóli hafa í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti tekið saman almenn viðmið um birtingu myndefnis, meðferð upplýsinga um börn á netinu og notkun samfélagsmiðla. Viðmiðin gilda einkum um heimasíður skóla, íþróttafélaga og annarra sem koma að æskulýðs- og tómstundastarfi.

Hægt er að tilkynna um ólöglegt og óviðeigandi netefni gegnum ábendingahnapp Barnaheilla.

4 Slysavarnir og andlegt, líkamlegt og félagslegt öryggi

4.1 Forvarnir og fræðsla

Ísafjarðarbær kýs að líta á og fjalla um forvarnir í víðu samhengi sem leið til að byggja upp og sinna sérhverjum einstaklingi, á hverjum degi í starfi og leik á vegum skólans. Í forvarna-stefnunni er gerður greinarmunur á almennri daglegri vinnu og sértækum viðbrögðum.

4.1.1 Að bregðast við grun um einelti

Yfirlýsing:

Einelti, í hvaða mynd sem það er, líðst ekki í skólum Ísafjarðarbæjar. Allra leiða verður leitað til að fyrirbyggja einelti og leysa þau mál sem upp koma. Öllum á að líða vel í skólanum. Þannig tryggjum við farsælt og árangursríkt skólastarf.

Skilgreining á einelti:

Einelti er neikvætt og illgirnislegt atferli sem felur í sér endurtekið áreiti og/eða ofbeldi, líkamlegt eða andlegt. Andlegt ofbeldi felst meðal annars í stríðni, útilokun, hótunum eða höfnun. Líkamlegt einelti getur verið barsmíðar, spörk, hrindingar eða meiðingar af öðru tagi. Eineltinu er stýrt af einstaklingi eða hópi, beinist að öðrum og stendur í nokkurn tíma. Slík samskipti einkennast af ójafnvægi aflsmunar eða annars valds. Ef grunur um einelti vaknar skal kennari þolanda hefja úrvinnslu með því að ræða einslega við þolanda. Ef grunur um einelti reynist á rökum reistur skal hafa samband við foreldra þolanda. Einnig skal kennari ræða einslega við geranda/gerendur og foreldra þeirra og leita leiða í samstarfi við þá til að stöðva eineltið tafarlaust. Kennari skal upplýsa eineltisteymi skólans og skólastjórnendur um málið og skulu þessir aðilar vera honum til stuðnings við lausnaleit og úrvinnslu. Framhald málsmeð-ferðar ræðst af aðstæðum og árangri hverju sinni.

Ef aðilar utan skólans hafa grun um að nemandi sé lagður í einelti er mikilvægt að þeir hafi strax samband við foreldra eða kennara viðkomandi barns. Í skólanum er unnið með allar slíkar tilkynningar. Grun um einelti má einnig tilkynna á eyðublaði sem finna má á heimasíðu skólans (sjá kafla **10 Skólareglur og fleira á heimasíðum skólanna**, bls. 39).

4.1.2 Forvarnastefna

Forvarnastefna hefur það yfirmarkmið að nemendur skóla verði sterkir og sjálfstæðir einstaklingar sem temja sér heilbrigða lífshætti og hafna fíkniefnanotkun af öllu tagi. Forvarnastefnan miðar að því að nemendur:

- Styrkist í því að bera ábyrgð á eigin lífi, meðal annars með því að taka afstöðu gegn neyslu fíkniefna og misnotkun á lyfjum og eiturefnum.
- Séu meðvitaðir um hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun, hugsun og öll samskipti fólks.
- Rækti með sér samkennd, samhygð og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra til að geta átt auðug og gefandi samskipti við aðra, óháð kyni, kynþætti, þjóðerni, trú og líkamlegu og andlegu atgervi.
- Öðlist færni í tjáskiptum og styrkist þannig í því að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum.
- Verði meðvitaðir um hlutverk fjölskyldunnar í því að móta og styrkja sjálfsmynd og lífsviðhorf einstaklinga.
- Öðlist áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt og átti sig á áróðri í kvikmyndum, tónlist, tískufatnaði, tímaritum, netheimum, fréttum, vegvísum og öðru því sem fyrir augu og eyru ber.
- Öðlist kjark til að velja sér uppbyggileg viðfangsefni í tómstundum og einbeita sér að þeim af alúð og þolinmæði.

4.2 Áfallaáætlun

Í Aðalnámskrá skóla segir, að eitt af skilgreindum hlutverkum skólans sé að gæta þess að nemendum líði vel, andlega, líkamlega og félagslega. Það er því augljóst að rétt viðbrögð við áföllum, eða eins og þekking og reynsla segja best til á hverjum tíma, eru nauðsynleg.

Hlutverk áfallaráðs skóla er:

- Að fara með verkstjórn þegar sorgaratburðir, válegir atburðir eða alvarleg áföll verða meðal nemenda og/eða starfsfólks innan skólans eða í tengslum við hann.
- Að standa að fræðslu fyrir starfsfólk skólans um viðbrögð barna og unglinga við áföllum (þó ekki í tengslum við sorgaratburði).
- Að hvetja kennara til að fjalla um dauðann/áföll/missi í kennslu sinni án sérstaks tilefnis.
- Að sjá til þess að foreldrum sé bent á það á hverju hausti, að skólinn vill vita ef breytingar verða á heimilishögum nemenda, svo sem alvarleg veikindi, skilnaður eða dauðsfall.

Í áfallaráði skólans eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, ritari, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, sálfræðingur og sóknarprestur. Taka þarf tillit til þess ef einhver sem sorgaratburður snertir náið vill ekki íhlutun prests.

4.3 Viðbragðsáætlun vegna inflúensu

Samkvæmt 15. og 16. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 ber ráðuneytum og undirstofnunum þeirra og sveitarfélögum og stofnunum á þeirra vegum að gera viðbragðsáætlanir til að takast á við afleiðingar neyðarástands.

Skólar Ísafjarðarbæjar hafa gert áætlun um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu í samræmi við áætlun Almannavarna. Hana er að finna á heimasíðum skólanna (sjá kafla **10 Skólareglur og fleira á heimasíðum skólanna**, bls. 39).

4.4 Slysavarnir og líkamlegt öryggi

Allir starfsmenn skóla (bæði fastráðnir og lausráðnir) þurfa að kunna skyndihjálp og viðhalda þeirri þekkingu með því að fara yfir og æfa reglulega viðbrögð við slysum og vá. Mikilvægt er að allir starfsmenn skólans kunni að bregðast við slysi á fumlausan hátt og er það á ábyrgð skólastjóra að svo sé. Hann ætti einnig að sjá til þess að haldið sé námskeið í slysavörnum og skyndihjálp annað hvert ár, þar sem starfsmenn endurnýja skyndihjálparréttindi sín. Þeir sem halda slysavarnanámskeið fyrir starfsmenn skóla skulu hafa til þess bæra þekkingu og reynslu. Einnig er mikilvægt að starfsmenn skóla æfi reglulega viðbrögð við mismunandi slysum.

Þegar nýir starfsmenn hefja störf í skólanum er mikilvægt að þeir komist á námskeið í slysa-vörnum og skyndihjálp eins fljótt og auðið er.

Allt starfsfólk skóla ber ábyrgð á börnum meðan þau eru í skólanum og verður að grípa inn í ef barn sýnir af sér hegðun sem getur leitt til slysa. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um hvaða hættur geta leynst í skólum og umhverfi þeirra og hvar. Einnig á starfsfólk að sýna þá ábyrgð að taka strax úr umferð ónýt leikföng og bilaða hluti sem leitt geta til slysa við notkun.

Nauðsynlegt er að skrá börn þegar þau koma í skólann og þegar þau fara heim til að tryggja að starfsmenn hafi ávallt yfirlit yfir réttan fjölda barna í skólanum.

Skriflegir og virkir öryggisferlar eiga að vera í öllum skólum og hanga uppi á áberandi stað/stöðum. Mikilvægt er að slíkt svæði sé tilgreint sem neyðarstöð. Allt starfsfólk á að kunna öryggisferla skólans og hafa auðveldan aðgang að skriflegum upplýsingum um þá. Kynna þarf verkferla viðbragðsáætlana fyrir nýju starfsfólki og afleysingastarfsfólki á fyrstu starfsdögum þess í skólanum.

Skilgreina skal ábyrgð starfsmanna í starfslýsingu og hlutverk þeirra í viðbragðsáætlun. Allt starfsfólk á að vita hvert hlutverk þess er ef upp kemur neyðarástand. Stjórnendur öryggismála á vinnustað eiga að tryggja öryggi nemenda, eigið öryggi og öryggi starfsfólks, að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum og áhættumat gert. Áhættumat er áhrifarík aðferð til að tryggja hámarks-öryggi nemenda í skólum. Áhættumat ætti að byggja á skráningu skóla á ofbeldisatvikum og slysum þar sem áverkar í slysum eru flokkaðir á grundvelli alvarleika. Með því móti verður matið faglegt og hægt að fyrirbyggja að alvarlegir atburðir endurtaki sig.

Mikilvægt er að skólinn hafi nauðsynlegar grunnupplýsingar um þau börn sem eru í skólanum. Upplýsingarnar þurfa að vera skriflegar og geymdar á aðgengilegan hátt þar sem allt starfsfólk skólans veit um þær og getur nálgast þær þegar þörf krefur, t.d. þar sem sjúkrakassinn er geymdur og aðrar upplýsingar um viðbrögð við eldsvoða, slysum eða náttúruvá.

Foreldrar bera fyrst og fremst ábyrgð á að grunnupplýsingar séu réttar. Í byrjun hvers skólaárs er mikilvægt að skólinn hafi frumkvæði að því að yfirfara upplýsingarnar í samráði við foreldra og fái ávallt upplýsingar um breytingar.

Góð samskipti foreldra og skóla eru grundvallaratriði þegar tryggja þarf öryggi barna. Þar sem foreldrar og skóli bera sameiginlega ábyrgð á öryggi barnsins á leið í og úr skóla er mikilvægt að kynna fyrir foreldrum hvaða öryggisreglur gilda í skólanum og hvernig heimilið og skólinn

geta hjálpast að við að framfylgja þeim til að tryggja börnum hámarksöryggi. Mikilvægt er að setja upplýsingarnar á heimasíðu skólans og fjalla um öryggismál og viðbragðsáætlanir í skóla-námskrá.

Mikilvægt er að viðbrögð við ólíkum aðstæðum, svo sem alvarlegum slysum, eldsvoða eða náttúruvá, séu æfð reglulega.

Með því að æfa mismunandi viðbragðsáætlanir reglulega verða þekking og færni starfsfólks meiri og betri. Það eykur líkur á að unnt sé að bregðast fumlaust við mismunandi aðstæðum.

Mikilvægt er að skólastjóri feli einum starfsmanni að fylgjast með æfingunni og skrá hvernig gengur, þannig að ef upp koma vandamál sé að æfingunni lokinni skráning sem farið er yfir, rætt það sem miður fór og fundnar leiðir til úrbóta. Slíkt ferli er mjög lærdómsríkt og eykur öryggi starfsfólks.

4.5 Sjúkrakassi

Í sjúkrakassa á aðeins að vera sá búnaður sem talinn er upp í lista yfir innihald sjúkrakassa. Annað getur tafið starfsfólk við að finna það sem leitað er að. Allir starfsmenn skólans verða að kunna að nota fumlaust þann búnað sem er í sjúkrakassanum.

4.5.1 Notkunarreglur sjúkrakassa

Mikilvægt er að skólastjóri feli einum starfsmanni ábyrgð á sjúkrakassa. Ábyrgðarmaður sjúkra-kassa sér um að í honum sé ávallt sá búnaður sem þar á að vera. Eftir notkun á sjúkrakassa þarf ábyrgðarmaður að fara yfir innihald hans. Ef einhvern búnað vantar í kassann á að gera tafarlausar úrbætur á því.

Fjöldi sjúkrakassa í hverjum skóla fer eftir stærð og gerð húsnæðis. Mikilvægt er að sjúkra-kassinn sé ávallt aðgengilegur og allir starfsmenn viti um staðsetningu hans.

5 Öryggi í námsumhverfinu

Húsnæði og skólalóðir skulu uppfylla kröfur laga um leik- og grunnskóla. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þurfa að vera þannig úr garði gerð að unnt sé að ná markmiðum laga um leik- og grunnskóla og aðalnámskrá. Er þar sérstaklega átt við að nemendum og starfsfólki skóla sé búið öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan, svo sem varðandi hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu, fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og annan búnað.

5.1 Fyrirbyggjandi aðgerðir

Mikilvægt er að starfsfólk skóla sé meðvitað um þá hættu í nánasta umhverfi sem að nemendum getur stafað, svo sem af tækjum og tólum, og sjái fyrir þær hættur sem hugsanlega geta komið upp. Ganga þarf úr skugga um að ekki leynist hættur í umhverfi nemenda sem valdið geta slysum og því er mikilvægt að allt umhverfi sé eins öruggt og hægt er. Reynt verði að koma í veg fyrir eins margt og hægt er og gera áhættumat.

5.1.1 Starfsmenn

Meta þarf hverju sinni hversu margir starfsmenn þurfa að vera til staðar bæði í skólahúsnæðinu og á skólalóð. Ef starfsfólk þarf að bregða sér frá er mikilvægt að annað starfsfólk sé látið vita. Það hefur komið fyrir að slys hafi orðið í og við leik- og grunnskóla og enginn starfsmaður á svæðinu. Þessum slysum hefði mögulega verið hægt að afstýra hefði starfsmaður verið þar.

5.1.2 Skólastofur og fatahengi

Við skipulag og framkvæmd vinnuumhverfis og vinnuaðstæðna í skólum skal taka mið af vinnuumhverfisvísum Vinnueftirlitsins (Leikskólar, Skólar) ásamt öðrum þeim vinnuumhverfisvísum, lögum og reglugerðum sem þar er getið.

Í fataherbergjum getur plássleysi skapað hættu á því að detta ef fatnaður og ýmis búnaður sem tilheyrir börnum er hafður á gólfinu. Ef háar hillur eru fyrir ofan fatahólf barna skapast hætta á að hlutir detti á börnin þegar verið er að toga hluti niður.

Snagar fyrir fatnað og annað verða að vera öruggir þannig að þeir geti ekki skaðað börn. Dæmi um örugga snaga eru snagar sem eru varðir og skaga ekki fram fyrir hillu. Einnig eru til plastsnagar sem eru hengdir neðan í hillur í fataherbergjum, þeir snúast þannig að ef barn dettur á þá meiðist það síður. Fjarlæga þarf snaga sem skapa hættu á slysi eða eignartjóni. Öruggast er að bekkir séu festir við gólf til að koma í veg fyrir að þeir detti á fætur barna. Mesti þunginn í bekkjum er að ofan, en það gerir þá oft á tíðum valta.

5.1.3 Þurrkskápar

Ef þurrkskápar eru hafðir þar sem sem börn hafa auðvelt aðgengi skal gæta þess að þeir hitni ekki mikið að utan svo að börn brenni sig ekki á þeim. Ef skápur hitnar mikið að utan þarf að koma honum fyrir í rými sem börn hafa ekki aðgang að.

Þurrkskápar eiga að vera festir við vegg.

Gæta þarf að því að rafmagnssnúrur þurrkskápa liggi ekki niðri við gólf á gönguleiðum. Ef rafmagnssnúra úr þurrkskáp er á gönguleið þarf að koma henni þannig fyrir að hún flækist ekki fyrir.

5.1.4 Hávaði

Mikilvægt er að huga að hljóðvist við skipulagningu skólastarfs. Hávaði hefur ekki einungis áhrif á heyrn og nám. Þekkt er að hávaði veldur streitu og getur haft aðrar neikvæðar afleiðingar á andlega og líkamlega líðan.

Til að meta áhrif hávaða á nám og líðan nemenda í skólanum er mikilvægt að við reglulegar kannanir á líðan nemendanna í skólanum sé spurt sérstaklega út í hljóðvist og vinnuaðstæður þeirra. Mikilvægt er að mælingar séu miðaðar við börn og unglinga og taki sérstakt tillit til heyrnar- og hljóðnæmni þeirra, sem og þeirrar starfsemi sem fram fer í skólanum. Mikilvægt er að miðað sé við þau skilyrði sem þarf til þess að börn geti tileinkað sér nám. Ekki er nóg að miða við þau mörk hávaða sem beinlínis skemma heyrn.

Mikilvægt er að allur búnaður sé keyptur með góða hljóðvist í huga. Á vef Umhverfisstofnunar eru leiðbeiningar um hljóðvistarkröfur í umhverfi barna, þar sem meðal annars má finna góð

ráð gegn hávaða í umhverfi barna. Taka skal mið af viðmiðum í Vinnuumhverfisvísum Vinnueftirlitsins (Leikskólar, Skólar) varðandi hávaða.

Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og fleiri hafa gefið út handbókina Kennsluumhverfið - hlúum að rödd og hlustun, sem nýta má við skipulagningu skólastarfs og umhverfis.

5.1.5 Matmálstímar

Á matmálstíma, þegar heitur matur er á borðum, er mikilvægt að hugað sé að öryggi nemenda. Ef í boði eru heitar súpur eða annar heitur vökvi fyrir börn þarf að gæta þess að ekki hellist yfir þau eða þau brenni sig á annan hátt. Mikilvægt er að setja reglur um öryggi í matmálstímum til að koma í veg fyrir brunaslys.

Mikilvægt er að hafa eftirlit með nemendum þegar þeir nota samlokugrill og örbylgjuofna, þannig að þeir eigi ekki á hættu að hella yfir sig heitum mat.

Heitir drykkir geta valdið alvarlegum bruna. Því ætti starfsfólk aldrei að fara með heita drykki inn í leikrými barna.

Margir skólar nota samfest borð og bekki á hjólum fyrir nemendur í matsal. Ef borð eða bekkir eru lögð saman og þeim staflað upp þegar þau eru ekki í notkun er mikilvægt að gengið sé frá þeim.

5.1.6 Húsgögn

Bókaskápar og hillur á að festa við vegg, óháð hæð. Algengt er að þessir innanstokksmunir séu notaðir til að afmarka leikrými í takmarkaðan tíma. Ganga þarf frá öryggi þeirra á viðeigandi hátt, t.d. með því að setja á skápana festingar sem auðvelt er að losa. Sé um varanlega staðsetningu slíkra innanstokksmuna að ræða á að koma fyrir festingu á vegg. Slíkur frágangur er mikilvægur í jarðskjálfta og ekki síst ef barn klifrar upp á skáp. Æskilegt er að velja skilrúm sem eru stöðug eða festa þau við vegg eða gólf.

Öll húsgögn á hjólum geta verið varasöm, en þau eru valtari en hefðbundin húsgögn þrátt fyrir þyngd þeirra. Húsgögn á hjólum eiga einnig að vera föst við vegg eða gólf með festingum sem auðvelt er að losa og festa aftur. Ef notuð eru hljómtæki eða sjónvarpstæki á vagni á að festa tækin niður á hann.

Stólar og borð eiga að vera stöðug. Ef þau eru völt eða hlutar þeirra farnir að losna er mikilvægt að strax sé gert við þau til að koma í veg fyrir slys.

Koma skal í veg fyrir að hvöss horn á borðum og hillum geti skaðað börn.

Mikilvægt er að beisli séu í öllum háum matarstólum og börn noti þau í samræmi við aldur og þroska.

Til að koma í veg fyrir köfnunarslys er mikilvægt að strax sé gert við eða skipt um áklæði á svampdýnum og sessum þegar það slitnar, en börn plokka gjarnan svampinn og setja upp í sig.

Allir speglar skulu vera festir á ramma en ekki með klemmum. Speglar eiga að vera úr óbrjótanlegu gleri eða límdir á spjald þannig að ef þeir brotna kemur í þá sprunga en glerbrotin detta ekki yfir börnin. Einnig er til öryggisplast sem hægt er að líma á spegla þannig að ef þeir brotna haldast glerbrotin föst við plastið og detta ekki yfir börnin.

Þegar myndarammar með gleri eru festir á veggi skal tryggja sama frágang og varðandi spegla.

Staðsetning á upplýsingatöflum skiptir máli þegar kemur að öryggi yngri barna. Gæta þarf þess að teiknibólur séu ekki notaðar eða litlir segulkubbar sem passa í kokhólk.

5.1.7 Hurðir, hurðapumpur og klemmuvarnir

Slysahætta getur fylgt útidyrahurðum í skólum. Ganga þarf úr skugga um að hurðarpumpa sé á útidyrahurð og eftirlit sé með því að hún virki eins og til er ætlast.

Klemmuvarnir eiga að vera á öllum hurðum þar sem yngri börn dvelja og þær þarf að yfirfara reglulega. Endingartími klemmuvarna er oft skemmri á útidyrahurðum vegna veðurfarsáhrifa á efnið í þeim.

Mikilvægt er að hurðastopparar séu settir upp fyrir ofan hurðir. Varast ber að hafa hurða-stoppara við gólf.

Til að koma í veg fyrir slys er mikilvægt að hafa stoppara á rennihurðum, sem hindra að þær skelli upp að vegg.

5.1.8 Opnanleg fög

Mikilvægt er að opnanleg fög séu með öryggislæsingu. Hana þarf að stilla þannig, að glugga-opið verði ekki meira en 9 cm. Í sumum byggingum eru gluggar notaðir sem neyðarútgangar. Opnanlegu fögin á þeim eru stór og verða að hafa læsingu sem auðvelt er að opna ef koma þarf fólki út úr brennandi húsi, en vera þó þannig úr garði gerð að yngri börn geti ekki opnað.

Í byggingum með gluggum sem ná niður að gólfi og aðgengi barna að þeim er auðvelt skal hafa í þeim öryggisgler.

5.1.9 Gluggakistur

Ganga þarf frá gluggakistum þannig að börn geti ekki fest fætur í þeim. Í mörgum eldri húsum eru gluggakistur mjög djúpar og oft er bil frá vegg að gluggakistu til að hiti komist upp. Bilið má ekki vera meira en 2,5 cm.

5.1.10 Gardínubönd

Gardínubönd geta vafist um háls barna. Gardínum með snúru eða perlukeðju, svo sem rúllu-gardínum og rimlagardínum, sem notuð er til að draga þær upp og niður, skal ganga þannig frá, að snúran skapi ekki hættu fyrir börn. Það má til dæmis gera með því að ganga frá snúrum uppi á snúrustytti sem festa þarf ofarlega í gluggakarminn. Perlukeðjur er einnig hægt að setja upp á öryggishjól sem fest er á gluggakarminn að innanverðu.

5.1.11 Miðstöðvarofnar, rafmagnsofnar, blöndunartæki og heitt vatn

Heitir miðstöðvarofnar og heitt vatn geta valdið alvarlegum brunaslysum. Mikilvægt er að byggja utan um ofna eða haga frágangi á þann hátt að ekki hljótist slys af. Lagnir sem eru utan á liggjandi og flytja heitt vatn þarf að hylja þannig að börn geti ekki brennt sig á þeim. Raf-magnsofnar eru hættulegri en hefðbundnir miðstöðvarofnar. Af þeim getur stafað eldhætta og því skal fylgja leiðbeiningum framleiðenda ef hylja þarf ofnana. Einnig þarf að gæta þess að hafa ekki húsgögn eða annan búnað of nálægt þeim.

Hitastýrð blöndunartæki, með 38°C hámarkshita á vatninu, eiga að vera á öllum handlaugum í leikskólum og í sturtum/handsturtum til að koma í veg fyrir að börnin brenni sig.

5.1.12 Stigar og tröppur

Mikilvægt er að setja barnheld öryggishlið efst og neðst þar sem stigar eru í rými sem yngri börn hafa aðgang að. Bil á milli rimla má ekki vera meira en 89 mm. Það sama gildir um bil á milli gólfa og handriða. Opið í opnum þrepum má ekki vera meira en 89 mm.

Gæta þarf að því að þrep séu ekki hál. Gæta þarf vel að því að á gólf sé ekki notað efni sem veldur hálku.

Handrið eiga að vera fyrir börn jafnt sem fullorðna. Lágmarkshæð handriða er 120 cm. Handrið eiga að vera með lóðréttum rimlum til að hindra klifur.

Hringlaga stigar eru óhentugir í byggingum þar sem börn dveljast.

5.1.13 Salerni, handlaugar og skiptiborðsaðstaða

Við hönnun og frágang salerna skal taka mið af byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Samkvæmt nefndri reglugerð um hollustuhætti eiga salerni og handlaugar að vera við hæfi barna.

Þar sem handlaugar barna eru háar er nauðsynlegt að börn hafi stöðugan hnall til að standa á þegar þau þvo sér.

Skiptiborð eiga að vera þannig staðsett að börn geti ekki náð til hættulegra hluta. Gæta þarf þess að skiptiborð séu traust og stöðug. Öruggt skiptiborð hefur að lágmarki 10 cm kant til að koma í veg fyrir að barn detti fram af því. Ef notuð er plastdýna (skiptiborðsdýna) ber að skipta henni út ef hún er farin að rifna, þar sem hætta er á að barn komist í svampinn innan í henni og kafni. Þar sem tröppur eru upp á skiptiborð þarf að tryggja að börn komist ekki í þær án eftirlits.

5.1.14 Eldhús

Í eldhúsum er mikið af hættulegum hlutum, svo sem ýmis tæki til matreiðslu og beittir hnífar, og því þarf að vera hægt að loka eldhúsinu. Í skólum, þar sem opið er inn í eldhús eða nemendur eiga þangað erindi sem hluta af sínu námi, á að ganga þannig frá tækjum og tólum að þeir geti ekki skaðast á þeim.

5.1.15 Eiturefni og eitraðar plöntur

Öll eiturefni og önnur hættuleg efni skulu geymd í læstri geymslu og gengið þannig frá þeim að nemendur hafi ekki aðgang að þeim nema undir eftirliti kennara.

Mikilvægt er að starfsfólk þekki aðvaranir á umbúðum. Á vef Umhverfisstofnunar er að finna lista yfir merkingar eiturefna.

Ef plöntur eru í skólanum ber að ganga úr skugga um að þær séu ekki eitraðar.

5.1.16 Rafmagnsöryggi

Samkvæmt byggingarreglugerð nr. 112/2012 skulu vera lekastraumsrofar (lekaliðar) í öllum byggingum. Lekastraumsrofi er öryggisbúnaður sem kemur í veg fyrir rafmagnsslys. Ef tækin brotna eða rafmagnssnúrur þeirra trosna er mikilvægt að slíkt sé lagað.

Flestar innstungur eru með öryggislæsingu sem kemur í veg fyrir að börn geti stungið hlutum inn í þær og þannig fengið rafstraum. Ef innstungur brotna eða losna frá vegg er nauðsynlegt að gera við þær strax.

Fjöltengi geta verið varasöm. Ekki má nota brotin fjöltengi eða þegar rafmagnssnúran eða klóin eru farnar að skemmast.

5.1.17 Kerti og eldfim efni

Fara skal þannig með eld, eldfim efni og önnur hættuleg efni, að engin hætta sé á því að eldsvoði eða tjón af völdum mengunar geti af því hlotist. Æskilegt er að banna alla notkun kerta í skólum. Í allri umgengni við opinn eld skal sýna aðgát og ekki skal skilja logandi kerti eftir eftirlitslaus meðan starfsmaður víkur frá. Kveikjarar og eldspýtur skulu geymd í læstum hirslum.

5.2 Námsgögn og leikföng

Við val á námsgögnum og leikföngum verður að hafa í huga að þau hæfi aldri og þroska þeirra barna sem þau eru ætluð. Mikilvægt er að skoða viðvörunarmerkingar vel og fara eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja leikfanginu. Leikföng og leiktæki skulu uppfylla kröfur reglugerðar um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu nr. 944/2014 og vera CE-merkt. Starfsfólk skóla skal framkvæma reglubundið eftirlit með námsgögnum og leikföngum samkvæmt gátlista sem skólinn útbýr. Skemmd leikföng skal taka úr umferð.

5.2.1 CE-merkingar

Leikföng eiga að vera CE-merkt. CE-merking vöru gefur til kynna að hún uppfylli þær lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd sem settar eru fram í Evróputilskipunum sem gilda hér á landi. CE-merkið er ekki öryggis- eða gæðastimpill heldur staðfesting á því að leikfangið uppfylli kröfur sem gerðar eru til framleiðslunnar samkvæmt CE-staðli.

5.2.2 Leikföng fyrir 0-3 ára



Leikföng sem kunna að vera hættuleg börnum yngri en þriggja ára (36 mánaða) skulu vera með viðvörun þar að lútandi ásamt ábendingu um hættuna sem viðvörunin lýtur sérstaklega að og upplýsingum um hvernig eigi að bregðast við þeirri hættu. Merkið sem hér fylgir má sjá á leikföngum og umbúðum leikfanga sem ekki eru við hæfi barna yngri en þriggja ára.

5.2.3 Kokhólkur

Hafa skal í huga að ung börn stinga hlutum upp í sig. Nota skal kokhólk til að mæla smáhluti sem geta valdið köfnun hjá börnum. Sjá nánar hér á vef Neytendastofu.

5.2.4 Nokkur atriði til athugunar við innkaup á leikföngum

Fyrir börn á leikskólaaldri þarf að velja leikföng sem þau ráða við, sérstaklega hvað varðar stærð, hraða og jafnvægi. Forðast ætti leikföng og leiktæki sem ná miklum hraða.

- Gæta þarf sérstaklega að því að leikföng hafi ekki hvassar brúnir eða hvöss horn.
- Á brúðum og tuskudýrum eiga augu, nef, hár, hnappar og aðrir smáhlutir að vera vel festir. Þessir hlutir þurfa einnig að þola þvott.
- Snúrur og bönd í leikföngum mega ekki vera lengri en 22 cm.
- Teygjubönd föst við leikföng, t.d. bolta, mega ekki vera lengri en 3 cm.
- Ef límmiði er festur á leikfang er mikilvægt að ganga úr skugga um að börn geti ekki náð honum af og stungið upp í sig.
- Ef leikfang inniheldur litla rafhlöðu þarf lokið yfir henni að vera tryggilega fest, þar sem rafhlaða sem losnar getur valdið köfnunarhættu.
- Blöðrur eru ekki æskilegar fyrir börn yngri en 8 ára.
- Leikföng sem gefa frá sér há og hvell hljóð eiga að vera með viðvörunarmerkingu þess efnis að leikfangið eigi ekki að bera upp að eyra, þar sem það geti skaðað heyrn.
- Mikilvægt er að leikföng séu sterkleg.
- Búningar og leikföng ættu ekki að vera úr eldfimu efni.
- Segulleikföng hæfa ekki börnum yngri en 8 ára og því eiga slík leikföng ekki að vera til staðar í leikskólum.
- Holukubbar eru þungir trékubbar sem eru ætlaðir fyrir skapandi leik. Börn ættu aldrei að vera ein að leik með holukubba sökum þess hve þungir þeir eru. Kubbarnir hafa valdið slysum þegar þeir hafa dottið á fætur eða höfuð barna. Mikilvægt er að kenna börnum rétta umgengni með kubbana, bæði í leik og við frágang þeirra. Byggingar úr holukubbum ættu aldrei að vera hærri en í axlarhæð barna. Gæta skal þess að undirlag undir kubbunum sé til þess gert að draga úr hávaða sem kubbarnir valda.

5.2.5 Leikföng og annað að heiman

Mikilvægt er að starfsfólk skóla fylgist með því sem börn hafa með sér að heiman, svo sem leikföng, smádót, lyf eða annað. Taka ber allt úr umferð sem getur skapað hættu fyrir börn. Æskilegt er að skólar setji sér reglur varðandi leikföng og annað sem kemur af heimilum barna.

5.3 Íþróttahús

Skólastjóri og íþróttakennarar skulu gæta fyllsta öryggis nemenda á þeirra vegum. Skólastjóri skal fara yfir öryggismál í íþróttakennslu með íþróttakennurum skólans og skulu þeir vinna samkvæmt öryggishandbók þessari ásamt reglum um öryggi í íþróttahúsum.

5.3.1 Íþróttasalir/hreyfirými

Í flestum leikskólum er aðstaða fyrir hreyfingu/íþróttir barna. Mikilvægt er að þessi rými séu hönnuð með notagildi í huga, því að venjulegir salir fyrir leiki og létta hreyfingu eru ekki frábrugðnir öðrum rýmum í leikskólanum. Ef rýmið er ætlað fyrir íþróttir þarf að huga vel að innréttingu og frágangi þess. Í þeim rýmum leikskóla sem notuð eru til hreyfingar barna er mikilvægt að hafa sem minnst af húsgögnum eða öðrum búnaði sem börn geta hlaupið á eða dottið yfir þau.

Þegar börn eru í hreyfileikjum þarf starfsfólk að vera til staðar og grípa inn í ef börn sýna af sér hættulega hegðun.

Hafa skal í huga:

- Velja þarf gólfefni sem er framleitt fyrir almenn íþróttarými.
- Ef rimlar eru til staðar á að kanna hvort þeir séu tryggilega festir við vegg.
- Æskilegt er að nota falldempandi dýnur í íþróttasölum.
- Körfuboltakörfur sem hengdar eru á rimla á að fjarlægja eftir notkun.
- Ljós og lampar eiga að vera varin, þannig að þau eða hlutar þeirra geti ekki fallið yfir börn. Ekki má hafa glerkúpla á ljósum sem geta brotnað í boltaleikjum og dottið yfir börn. Best er að setja upp sérstök ljós með vörn eins og notuð eru í íþróttamannvirkjum.
- Skarpar brúnir, gluggakistur og ofnar eiga að vera varin sérstaklega.
- Myndir á vegg í þessum rýmum skal festa þannig að ekki hljótist hætta af ef bolti eða aðrir hlutir sem notaðir eru lenda í þeim.
- Allur búnaður sem notaður er, svo sem hringir og boltar, eiga að hafa upprunalegar leiðbeiningar frá framleiðanda um rétta notkun. Mikilvægt er að búnaðurinn hæfi réttum aldri.
- Sippubönd og önnur bönd geta valdið alvarlegum slysum og því mega börn aldrei vera eftirlitslaus þegar þau eru að leik.
- Rólur, kaðlar og hringir eru tæki sem krefjast virks eftirlits með börnum. Þess skal sérstaklega gætt að notaðar séu falldýnur undir tækin meðan á notkun stendur.

Mikilvægt er að lesa vel og geyma leiðbeiningar um rétta notkun trampólína innandyra.

Trampólín eru framleidd fyrir mismunandi aldur barna. Ekki er æskilegt að börn á öðrum aldri en fram er tekið í leiðbeiningum framleiðanda noti trampólínið.

Trampólín á að vera stöðugt. Gormar eiga að vera stífir. Mjúkur kantur á að vera utan um gormana. Dúkurinn á að vera heill. Ef hægt er að leggja trampólín saman þarf að tryggja að festingar séu traustar.

Ef trampólín bilar eða brotnar þarf að laga það strax eða taka úr umferð.

5.3.2 Ábyrgð íþróttakennara

Íþróttakennari skal ganga frá öllum búnaði á öruggan hátt og yfirfara salinn áður en kennsla hefst og fjarlægja hluti sem mögulega geta valdið slysum. Gæta skal sérstaklega að því að gengið sé frá öllum mörkum þannig að þau geti ekki dottið yfir börn.

Ef íþróttakennari biður nemendur að aðstoða sig við að sækja búnað eða ganga frá honum er mikilvægt að hann tryggi að örugglega hafi verið gengið rétt frá áður en börnin fara í búnaðargeymslu.

Æskilegt er að íþróttakennari ráðleggi nemendum og foreldrum um réttan fatnað og skó sem hæfa íþróttakennslunni.

5.4 Sund

Í sundkennslu á vegum skóla skal fara eftir reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010 og Öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði.

Sundkennarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur skulu ávallt gæta þess, í samvinnu við starfsfólk sund- og baðstaða, að nemendur fari ekki að laug á undan þeim. Sundkennarar, sundþjálfarar

og leiðbeinendur skulu aldrei víkja frá laug fyrr en allir nemendur eru farnir inn í búnings- eða baðklefa. Þau varúðaratriði sem laugarverðir eiga að fylgja gilda einnig fyrir kennara og þjálfara nemenda.

Í 15. grein áðurnefndrar reglugerðar segir: „Starfsmenn sem sinna laugargæslu, sundkennarar og sundþjálfarar skulu hafa náð 18 ára aldri og standast hæfnispróf árlega [...]. Prófskírteini skulu vera starfsmönnum heilbrigðiseftirlits aðgengileg.“ Nánari upplýsingar um hæfnispróf starfsmanna er að finna hér á vef Umhverfisstofnunar.

5.4.1 Ábyrgð skólastjóra og sundkennara

Skólastjóri ber ásamt sundkennara ábyrgð á því að reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010 og Öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði sé framfylgt. Tekið skal fram, að þótt reglugerðin geri miklar kröfur til rekstraraðila ber sundkennarinn fyrst og fremst ábyrgð á öryggi nemenda. Sundkennari má því aldrei víkja frá nemendum meðan á kennslu stendur.

Í öllum sundlaugum þar sem skólasund fer fram skal vera virkt samstarf sundkennara og öryggisgæslu sundlaugar um öll öryggisatriði er snúa að skólasundi.

Í laugum þar sem ekki eru laugarverðir vinnur skólastjóri að gerð öryggisferla í samvinnu við sundkennara.

5.5 Námsumhverfi úti

Um öryggi á skólalóðum gildir reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002. Reglugerðin tekur á öllum þáttum er lúta að öryggi barna.

Ekki má staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hætta eða ónæði af umhverfinu, svo sem frá umferð, vegna fallhættu eða hættu á drukknun. Aðkoma að svæðinu fyrir gangandi, hjólandi og eftir atvikum akandi vegfarendur skal vera þannig að ekki skapist óþarfa hætta á og við leiksvæðið.

Hafa skal í huga:

- Að börn geti ekki hlaupið beint út af leiksvæði þar sem umferð er.
- Að tryggja þarf góða lýsingu á leiksvæðum.
- Haga skal frágangi á grindverki og hliðum á lóðum skóla þannig að börnum stafi ekki hætta af.
- Við framkvæmdir og viðhald leiksvæða skal taka tillit til eðlis starfseminnar. Umferð vél-knúinna farartækja er bönnuð á leiksvæðum utan þess sem nauðsyn krefur, svo sem vegna viðhalds eða endurnýjunar tækja og búnaðar.

Á vef Umhverfisstofnunar er Öryggisvísir leiksvæða, sem gagnlegt er fyrir skólastjóra og rekstraraðila að kynna sér. Þar eru meðal annars leiðbeiningar um frágang, viðhald og sand-skipti í sandkössum, sem fara skal eftir.

5.5.1 Starfsmenn

Meta þarf hverju sinni hversu margir starfsmenn þurfa að vera til staðar í frímínútum og ferðum á vegum skólans. Ef starfsfólk á útivakt í frímínútum þarf að bregða sér frá skal annað starfsfólk látið vita.

5.5.2 Lýsing

Í kringum skóla og á öllum leiðum að skóla, hvort heldur er frá bílastæði, gönguleið eða hjólastíg, þarf lýsing að vera jöfn, heildstæð og kröftug, en ekki blindandi. Lýsing þarf að taka mið af öllum notendum. Samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987 skal birta á umferðarleiðum milli bygginga og lóða vera nægjanleg til að allir aldurshópar geti athafnað sig óhindrað og af fullu öryggi. Þar sem gert er ráð fyrir umgengni almennings ætti að taka tillit til heildaráhrifa, þannig að tryggt sé að hvergi verði staðbundin, ófullnægjandi birtuskilyrði sem skapað geti slysahættu. Skipta þarf strax um perur og lagfæra ljós sem bila.

5.5.3 Ljósastaurar, girðingar og hlið úr járni

Ef girðingarstaurar, ljósastaurar og hlið eru úr járni, t.d. galvaniseruð, þarf að mála upp í 1,5 m hæð, því annars er hætta á að börn geti fest við málminn tungu eða fingur í frosti. Gagnlegt getur verið að mála alla ljósastaura í áberandi lit til að sjónskertir sjái þá frekar.

5.5.4 Ruslaskýli, tunnur og gámar

Huga ber að því að ruslaskýli, tunnur og gámar við skólabyggingar geta haft ákveðna hættu í för með sér, svo sem brunahættu vegna íkveikju í rusli og fallhættu ef börn nota þetta til að komast upp á byggingar.

5.5.5 Hjólastandar

Mikilvægt er að við skóla séu hjólastandar, þannig að börn geti gengið frá hjólum sínum á öruggan hátt. Hjólastandar þurfa að vera hafðir þar sem ekki er hætta á að fólk detti um þá. Mikilvægt er að merkja svæðið í kringum þá þannig að sjóndaprir varist þá frekar.

5.5.6 Umferð og bílastæði við skólalóð

Þegar barn byrjar í skóla þarf að kynna foreldrum/forráðamönnum aðkomu umferðar að skólanum. Slíkt felur í sér forvarnir og dregur úr líkum á hættu vegna umferðar á álagstímum.

Mikilvægt er að allir sem erindi eiga í skóla komist þangað á öruggan hátt, gangandi, hjólandi eða akandi. Þess skal gætt að umferð akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda sé aðskilin eins og hægt er.

Æskilegt er að bílastæði við skóla sé við skólabygginguna og merkt sérstaklega fyrir starfsfólk og foreldra.

Gangbrautir skulu merktar þannig að sá sem ekur inn á bílastæðið sjái hvar þær eru.

Nauðsynlegt er að taka á hraðakstri við skóla með bættri hönnun umferðarmannvirkja og liðsinni lögreglu.

5.5.7 Göngu- og hjólaleiðir barna í skólann

Æskilegt er að sem flest börn gangi eða hjóli í skólann, en þannig skapast minni hætta af umferð ökutækja við skólann. Mikilvægt er að kynna árlega öruggar göngu- og hjólaleiðir og ábyrgð foreldra á öryggi barna á leið í og úr skóla. Ávallt skal gæta öryggissjónarmiða í þessum efnum. Æskilegt er að skólinn hafi frumkvæði að því að hvetja börn til að nota hjálm við hjólreiðar. Á vef Samgöngustofu eru upplýsingar um öryggisbúnað vegna hjólreiða.

5.5.8 Akstur með aðföng og önnur umferð á skólalóðinni

Þar sem ekki er séraðkoma bíla með aðföng er mikilvægt að fara yfir hvar hentugast er að bílar komi að skólahúsnæðinu án þess að ógna öryggi barna. Kynna þarf fyrir bílstjórum eða merkja vel bestu og öruggustu leiðina til að koma með aðföng í skólann. Æskilegt er að aðstæður séu skipulagðar þannig að stór ökutæki þurfi ekki að aka afturábak á skólalóð eða þar sem vænta má barna.

5.5.9 Göngustígar og gangstéttar

Göngustígar og gangstéttar eiga að vera með slétt yfirborð. Ef meira en 2 cm mishæð er til staðar er hætta á falli. Ef varasamar misfellur eru komnar í gangstéttar eða göngustíga er mikilvægt að það sé lagað sem fyrst.

Niðurföll á göngustígum og gangstéttum eiga að vera:

- Í sömu hæð og göngustígurinn eða gangstéttin.
- Í lagi og hreinsuð reglulega til að koma í veg fyrir vatnstjón í byggingum og hálkumyndun að vetrarlagi.
- Með viðeigandi loki sem snýr rétt.

Mikilvægt er að gert sé strax við stífluð niðurföll. Ef lok vantar á niðurfall eða það snýr öfugt skal strax bætt úr því.

5.5.10 Tröppur, rampar og handrið

Tröppur, rampar og handrið eiga að uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Æskilegt er að handrið sé við allar tröppur. Ef brotnar upp úr þrepum eða þau losna þarf að gera við þau strax.

5.5.11 Hálka

Mikilvægt er að huga að hálkuvörnum kringum skóla. Skýr verkaskipting þarf að vera milli starfsmanna sveitarfélaga hvað hálkuvarnir varðar. Áður en starfsemi hefst í skólanum þarf að vera búið að hálkuverja. Sama gildir um snjómokstur.

Þar sem því verður við komið ættu gönguleiðir að skólabyggingum að vera hálkuvarðar, t.d. með hita undir gangstéttum og göngustígum. Ef ekki er hiti undir gangstéttum og göngustígum er mikilvægt að rekstraraðili sjái til þess að leysa þann vanda með söltun eða sandburði. Æskilegt er að rekstraraðili útbúi leiðbeiningar um hálkuvarnir í samvinnu við skólastjóra. Ganga þarf úr skugga um að þær varnir séu virkar.

Bílastæði geta oft verið mjög hál og því mikilvægt að gerðar séu sambærilegar ráðstafanir þar.

5.5.12 Leikvallatæki

Leikvallatæki þurfa að uppfylla kröfur reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002. Mikilvægt er að starfsfólk kynni sér fyrir hvaða aldurshópa tækin eru hönnuð. Ef leiktæki á leikskólalóð hæfir ekki aldri ákveðins hóps barna er mikilvægt að þess sé gætt að þau leiki sér ekki í því.

Í áðurnefndri reglugerð kemur fram að:

- Fylgja þarf leiðbeiningum framleiðanda um viðhald á leikvallatækjum.
- Rekstraraðili er ábyrgur fyrir því að framkvæma reglubundið eftirlit með leikvallatækjum.
- Framkvæma skal innra eftirlit samkvæmt gátlista og í því skal vera slysaskráning. Í innra eftirliti þarf að tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum var lokið. Mælt er með að innra eftirlit sé hluti af gæðahandbók.
- Ábyrgðaraðili innra eftirlits gerir rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og bendir á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili gerir nauðsynlegar úrbætur eða tekur leikvallatæki úr notkun.

Á vef Umhverfisstofnunar er að finna upplýsingar og handbækur um skoðanir á ástandi leiksvæða og leikvallatækja. Þar eru einnig tillögur að gátlistum fyrir reglubundið eftirlit með leikvallatækjum.

6 Eftirlit

Eftirlit með leikvallatækjum og leiksvæðum skal vera í samræmi við kröfur samkvæmt staðlaröðinni ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177, sbr. viðauka I við reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002.

Löggildingarstofa (Neytendastofa) hefur eftirlit með því að leikvallatæki á markaði uppfylli settar reglur um öryggi.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum laga varðandi leikvallatæki í notkun og öryggi leiksvæða. Tíðni þess eftirlits er háð mati eftirlitsaðila og við slíkt mat skal tekið tillit til umfangs og innra eftirlits þess leiksvæðis sem um ræðir.

Heilbrigðisfulltrúi skal hafa aðgang að öllu skráðu og skjalfestu efni er eftirlitið varðar.

6.1 Innra eftirlit

Í reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002 segir:

- Í starfsleyfi skal heilbrigðisnefnd gera kröfu um innra eftirlit á leiksvæðum og með leikvallatækjum.
- Innra eftirlitið skal vera samkvæmt ákvæðum staðalsins ÍST EN 1176.
- Innra eftirlit skal framkvæma samkvæmt gátlista og í því skal vera slysaskráning. Í innra eftirliti skal tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum var lokið.
- Mælt er með að innra eftirlit sé hluti af gæðahandbók.
- Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun, sbr. ákvæði í viðauka III í reglugerðinni.
- Aðalskoðun skal framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda leikvallatækja.

Rekstraraðili ber ábyrgð á innra eftirliti. Með hverjum eftirlitsþætti innra eftirlits ætti að vera ábyrgðaraðili sem gerir rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og bendir á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili gerir nauðsynlegar úrbætur eða tekur leikvallatæki úr notkun.

6.1.1 Eftirlit starfsmanna

Í reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 94/2002 segir að reglubundna yfirlitsskoðun geti þurft að framkvæma daglega í skólum, allt eftir notkun og álagi á leiksvæðinu. Tilgangur hennar er að greina strax þær hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun. Dæmi um þetta eru hættulegt rusl, skemmd leikvallatæki, lausar festingar leikvallatækja og marka, slitnir hreyfihlutir, flísar, útstandandi naglar og skrúfur og óvarðar undirstöður.

Markmiðið með skoðuninni er fyrst og fremst að tryggja öryggi barna á lóðinni. Mikilvægt er að framkvæma skoðun á lóð daglega áður en nemendur fara út í frímínútur.

Eftirfarandi atriði þyrfti að skoða:

- **Hálka:** Kanna þarf hvort mikil hálka er á lóð og göngustígum innan lóðar. Ef svo er skal gera viðeigandi ráðstafanir, svo sem að salta þá fleti sem eru hálir. Mikilvægt er að kanna hálku á yfirborði leiktækja. Sé ísing úti er ekki ólíklegt að þau séu hál. Meta þarf hvort hindra þurfi aðgang barna að hálum leiktækjum, því að þau geta verið hættuleg og skapað fallhættu. Ef starfsfólk kemur því ekki við að hálkuverja lóðina með góðu móti þarf að meta hvort æskilegt sé að nemendur fari út að leika sér meðan ástandið varir.
- **Lýsing:** Kanna ber hvort unnin hafi verið skemmdarverk á lýsingu lóðar eða hvort perur eða annað hafi bilað. Ef svo er þarf að tilkynna það strax þeim sem sér um viðhald lóðar.
- **Rusl:** Mikilvægt er að allt rusl sé fjarlægt. Sprautur og nálar sem finnast ber að fjarlægja samkvæmt leiðbeiningum frá landlækni um meðferð á notuðum sprautum og nálum.
- **Leiktæki:** Skoða þarf leiktæki til að kanna hvort þau séu brotin eða skemmd. Ef skemmdarverk hafa verið unnin er mikilvægt að það sé tilkynnt strax til viðeigandi aðila sem sér um viðgerð á leiktækjum. Ef ekki tekst að lagfæra tækin þarf að girða þau af þannig að börn komist ekki að þeim.
- **Undirlag:** Skoða þarf undirlag undir tækjum. Ef möl er notuð sem fallundirlag skal kanna hvort borist hafi grjót, timbur eða annað með mölinni og fjarlægja það strax, sé þess þörf, annars virkar öryggisundirlagið ekki ef barn dettur úr tækinu. Þar sem möl er notuð sem öryggisundirlag myndast oft hola, t.d. undir rólum. Til að öryggisundirlagið virki þarf að raka mölina reglulega.
- **Gangstéttar:** Sópa þarf gangstéttar. Laus möl sem berst upp á gangstéttar er hættuleg og getur valdið slysi hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki.
- **Vatnssöfnun:** Kanna þarf hvort vatn hafi safnast fyrir á lóðinni. Ef rekja má vatnssöfnun til stíflaðs niðurfalls skal tilkynna það til þeirra sem sjá um viðhald á lóðinni.

7 Öryggi í ferðum á vegum leik- og grunnskóla

Skólar þurfa að móta sér skýrt verklag um undirbúning og framkvæmd ferða utan skólans til að tryggja öryggi barna í ferðum á vegum þeirra, þar sem meðal annars er hugað að fjölda barna og starfsmanna. Vinna þarf að skipulagningu ferða í góðu samstarfi við foreldra, þannig að þeir viti t.d. hvert förinni er heitið, dagskrá og tilgang ferðarinnar og hvaða búnað börnin þurfa að hafa meðferðis. Foreldrar bera ábyrgð á að börnin séu klædd eftir veðri og aðstæðum.

Gott verklag er að óska samþykkis foreldra fyrir þátttöku barna í ferðum á vegum skólans. Starfsmaður ætti aldrei að vera einn með börn í ferðum á vegum skólans.

Þegar ferðir eru skipulagðar þarf að gæta þess að ekki sé farið með börn á staði sem þau ráða illa við sökum aldurs eða þroska, eins og í fjallgöngur eða á svæði sem þau eiga mjög erfitt með að fara um. Mikilvægt er að tryggja að börn verði aldrei viðskila við starfsfólk skóla í ferðum. Mikilvægt er að starfsmenn hafi farsíma með í ferðalögum á vegum skóla.

Rútuferðir þarf að skipuleggja í samráði við foreldra. Tryggja þarf að í bifreiðinni sé viðeigandi öryggisbúnaður. Mikilvægt er að tryggt sé eitt sæti fyrir hvert barn, þannig að öll börn geti notað viðeigandi öryggisbúnað eins og lög og reglur gera ráð fyrir.

Skipuleggja þarf bátsferðir tímanlega og kanna hvort viðkomandi bátur hafi leyfi til fólksflutninga, en slíkir bátar og skip þurfa að vera með viðeigandi öryggisbúnað fyrir hámarksfjölda farþega. Afla þarf samþykkis foreldra fyrir slíkum ferðum.

Við komu um borð í skipið eða bátinn skal ábyrgðarmaður í ferðinni kynna sér hvar björgunarbúnað er að finna og kanna rýmingaráætlun.

Ákveði leikskóli að fara í sundferðir með leikskólabörn þarf að skipuleggja þær í samvinnu við foreldra og með öryggi barnanna að leiðarljósi. Fara skal eftir reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010. Þar segir meðal annars, að starfsmenn sem sinna laugargæslu, sundkennarar og sundþjálfarar skulu hafa náð 18 ára aldri og hafa staðist hæfnispróf samkvæmt viðauka III. Þetta ákvæði gildir fyrir sundferðir allra skólastiga. Þar kemur einnig fram, að til að auðvelda kennara eða ábyrgðarmanni hópa að fylgjast með hverju barni skulu hópar barna sérstaklega auðkenndir með áberandi lit á sundhettum, armböndum eða vestum eða á annan sambærilegan hátt.

8 Slys

Í lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 segir að landlæknir skuli, í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, skipuleggja og halda skrár á landsvísu um heilsufar, sjúkdóma, slys, lyfjaávísanir, fæðingar og starfsemi og árangur heilbrigðisþjónustunnar. Formleg skráning í Slysaskrá Íslands hófst 1. október 2001. Slysaskrá Íslands inniheldur upplýsingar um slys með meiðslum og upplýsingar um eignatjón í umferðaróhöppum. Einungis eru skráðar lágmarksupplýsingar um slysið sjálft, slasaða einstaklinga og ökutæki.

Á vef Embættis landlæknis er hægt að skoða tölur um fjölda slasaðra eftir aldri og kyni og fjölmargt annað talnaefni.

Hér á landi verða alvarlegustu slysin á eða við heimili barna. Má þar nefna að alvarlegustu brunaslysin verða á eða við heimili barna á leikskólaaldri.

8.1 Að hefja skyndihjálp og sinna barni þar til sjúkrabíll kemur

Starfsfólk skóla hefur ekki heimild til að meðhöndla áverka, slíkt er í höndum lækna og hjúkrunarfræðinga og þeirra sem öðlast hafa til þess sérstakt leyfi. Hlutverk starfsfólks skóla, þegar slys ber að höndum, er að greina, koma í veg fyrir frekara líkamlegt tjón og koma barni til læknis, en það er skilgreint sem skyndihjálp.

Hafa ber í huga:

- Skyndihjálp er veitt út frá mati á ástandi barnsins og henni haldið áfram þangað til sjúkrabíllinn er kominn.
- Í þeim tilfellum þar sem viðkomandi ræður ekki einn við að veita skyndihjálp óskar hann eftir aðstoð nærstaddra.
- Þegar enginn er til aðstoðar verður viðkomandi að reyna sitt besta og bíða rólegur þangað til sjúkrabíllinn kemur.

8.2 Að koma ró á svæðið – hinn slasaði gengur alltaf fyrir

Þegar alvarlegt slys verður í leikskóla eða í ferðum á vegum hans er ekki óeðlilegt að ringulreið verði meðal starfsfólks og barna. Til að draga úr líkum á slíku er mikilvægt að leikskólar hafi virka viðbragðsáætlun og æfi hana reglulega.

8.3 Fyrstur á slysstað

Mikilvægt er að sá sem kemur fyrstur á slysstað taki stjórnina, hafi hann lokið námskeiði í skyndihjálp. Ef ekki, þá kallar hann til næsta yfirmann. Auk þess þarf hann að:

- **Meta ástand þess slasaða út frá sinni kunnáttu í skyndihjálp.**
- **Afla upplýsinga frá hinum slasaða eða vitnum.**
- **Meta hvort hringja skal í** Neyðarlínu 112**.**
- **Veita skyndihjálp.**
- **Meta hvort þörf sé á aðstoð annarra starfsmanna.**

8.4 Fjögur skref skyndihjálpar

1. Tryggja öryggi og koma þannig í veg fyrir frekara slys.
2. Meta ástand hins slasaða til að greina hvort um lífshættulegt ástand er að ræða eða ekki. Aðstæður á vettvangi og umkvartanir slasaðra gefa strax góða mynd af ástandinu.
3. Kalla til hjálp, hringja í **Neyðarlínu 112.**
4. Veita viðeigandi skyndihjálp á rólegan og yfirvegaðan hátt.

8.5 Greiningarstig áverka

1. **Lægsta stig:** Minni háttar skrámur og skurðir sem ekki þarfnast meðferðar á heilsugæslustöð eða slysadeild, og sár sem starfsmaður má meðhöndla og setja á einfaldar umbúðir. Dæmi: Grunnt klór, kæling á kúlu, skolun á sandi úr auga.

2. **Miðstig:** Áverki sem starfsmaður metur að þarfnist meðferðar á heilsugæslustöð eða slysadeild. Áverkinn er þess eðlis að foreldrar eða forsjáraðilar geta farið með barnið á heilsugæslustöð, til tannlæknis eða á slysadeild. Dæmi: Handleggsbrot, skurðir sem þarfnast saumaskapar, tannáverkar, heilahristingur. Þó að þessir áverkar þarfnist ekki í fyrstu **sjúkrabíls 112** geta þeir breyst í **alvarlegt stig** sökum þess að ástand barns versnar skyndilega. Það þarf starfsmaður að geta metið strax og hringt í **Neyðarlínu 112**. Leiki vafi á alvarleika áverka skal kalla til sjúkrabíl.

3. **Alvarlegt stig:** Áverkar sem falla undir þetta eru t.d. stórir brunar, meðvitundarleysi vegna höfuðáverka eða annarra ástæðna, beinbrot, aðskotahlutur í öndunarvegi, hjarta- og öndunar-

stopp. Mikilvægt er að starfsmenn bregðist fumlaust við og meti alvarleika ástandsins **strax**, virki **viðbragðsáætlun,** hefji viðeigandi skyndihjálparmeðferð og hringi strax í **Neyðarlínu 112**.

8.6 Hringt á sjúkrabíl og sjúkrakassi sóttur

- Ef hringja þarf á sjúkrabíl er best að fá einhvern nærstaddan til að hægt sé að vera áfram hjá barninu, það veitir því öryggi.
- Í þeim tilfellum þar sem ástandið er lífshættulegt (hjarta- og öndunarstopp, meðvitundarleysi eða köfnun) og enginn annar er nærstaddur verður starfsmaður að fara sjálfur, sé hann ekki með farsíma, og hringja í **Neyðarlínu 112**.
- Mikilvægt er sá sem hringir geti gefið allar upplýsingar: **H-in þrjú: Hvar? Hver? Hvað?**
- Ef nauðsynlegt er að nota gögn úr sjúkrakassa má biðja þann sem fór í símann að taka hann með í bakaleiðinni. Ef það þolir ekki bið er mikilvægt að annar nærstaddur sé sendur að sækja sjúkrakassann.

8.7 Hvernig á að hringja í Neyðarlínuna – 112

Það er grundvallaratriði að allir starfsmenn skólans kunni að hringja í Neyðarlínuna. Hér á landi er eitt neyðarnúmer fyrir sjúkrabíl, lögreglu og slökkvilið. Neyðarnúmerið er **112** – **EINN EINN TVEIR** en **ekki** hundrað og tólf.

Athugið, að ef hringt er úr heimasíma birtist strax á skjá Neyðarlínunnar hvaðan er hringt, þ.e. nafn leikskólans, götuheiti, húsnúmer og póstnúmer. Ef hringt er úr farsíma birtist staðsetning símans ekki á skjá Neyðarlínunnar.

Mikilvægt er að sá sem hringir í 112 gefi þeim sem svarar yfirlit um ástandið á fyrstu 30 sekúndum samtalsins, en það eru **H-in þrjú**:

1. **H – HVAR SLYSIÐ VARÐ, nafn skólans, heimilisfang og nákvæmari staðsetning á barni**. Mikilvægt er að taka fram ef barnið er úti á lóð og þá hvar, sérstaklega þar sem lóðir eru stórar.
2. **H – HVER ÞAÐ ER SEM HRINGIR, kynna sig með fullu nafni og taka strax fram að verið sé að hringja úr skóla**.
3. **H – HVAÐ KOM FYRIR, aldur og kyn, hver er líðan viðkomandi**. Dæmi: Hinn slasaði heitir Jón Jónsson, 5 ára, datt úr rólu, mögulega fótbrotinn.

8.8 Viðbrögð gagnvart vitnum og öðrum börnum á slysstað

Mikilvægt er að færa áhorfendur (börn) af svæðinu sem fyrst, þannig að þeir þurfi ekki að horfa upp á hið slasaða barn.

Starfsfólk kannar hvaða börn urðu vitni að slysinu. Tala þarf sérstaklega við þau undir rólegum kringumstæðum og útskýra á sem einfaldastan hátt og út frá þroskaforsendum þeirra hvað gerðist, hvert var farið með þann slasaða (ef við á) og hvernig það fór. Útskýra þarf fyrir öllum börnum skólans hvað gerðist. Mikilvægt er að öll börn fái réttar upplýsingar hjá hinum fullorðnu. Lítil börn túlka hluti eins og þau sjá þá, en niðurstaða túlkunar þeirra er oft röng og ekki er óeðlilegt að þau verði hrædd vegna þess sem þau horfðu upp á og skilja ekki. Því er mikilvægt að allt starfsfólk skólans sé meðvitað um þetta og taki strax á málum til að draga úr hræðslu barnanna.

Tryggja þarf að ekkert barn telji sig ábyrgt fyrir því sem gerðist og sitji uppi með sektarkennd. Ábyrgðin er alltaf hjá hinum fullorðnu.

- Í þeim tilfellum þar sem um lífshættulega áverka er að ræða og tvísýnt er um útkomu hjá slasaða barninu er mikilvægt að fá inn aðila sem uppfyllir öll skilyrði um áfallahjálp. Þetta er sérstaklega mikilvægt í þeim tilfellum þar sem börn deyja.
- Ef slasaða barnið er fjarverandi í einhvern tíma er mikilvægt að leyfa félögum þess í skólanum að fylgjast með framvindu mála. Það er einnig mikilvægt fyrir hið slasaða barn að vera í samskiptum við skólann sinn og félaga með bréfa- eða skeytasendingum eða öðrum hætti.
- Í þeim tilfellum þar sem kallaður hefur verið til sjúkrabíll er algengt að lögregla komi einnig. Það getur valdið ótta hjá börnum og því eru allar útskýringar til barnanna nauðsynlegar. Ef því verður við komið er æskilegt að lögreglan komi inn á deild eða í skólastofu til barnanna og spjalli við þau.
- Mikilvægt er að láta foreldra vita áður en börnin fara heim úr skólanum að kalla hafi þurft til sjúkrabíl og skýra frá helstu staðreyndum. Börn vilja gjarnan tala um það sem þau hafa upplifað og því er mikilvægt að foreldrar hafi réttar upplýsingar til að geta rætt við börn sín og hjálpað þeim að jafna sig á því sem þau upplifðu.

8.9 Tilkynning til foreldra um slys á barni

Mikilvægt er að skólar setji sér verklagsreglur um tilkynningar til foreldra um slys á barni.

Skólastjórum ber að kynna sér þær verklagsreglur sem gilda í sveitarfélaginu.

8.9.1 Slys sem eru ekki talin lífshættuleg

- Öll slys sem ekki eru talin lífshættuleg, t.d. beinbrot og skurðir, eru tilkynnt beint til foreldra af starfsmönnum leikskólans. Æskilegt er að kennari barnsins eða skólastjóri sjái um að hringja í foreldra.
- Mikilvægt er að sá starfsmaður sem hringir viti nákvæmlega um ástand barnsins og hver viðbrögð hafi verið fram að símtalinu, til dæmis hvort hringt hefur verið á sjúkrabíl eða leitað ráða hjá heilsugæslu.

Símtalið

- Sá sem hringir kynnir sig með nafni og segir hvaðan er hringt.
- Sá sem hringir á að vera rólegur og tala skýrt.
- Sagt er í stuttu máli frá því sem kom fyrir barnið og reynt að koma strax til skila hvað sé að. Mikilvægt er að nota ekki sterk orð.
- Ef hringt hefur verið á sjúkrabíl er endað á að segja frá því og látið vita hvaða starfsmaður fór með barninu á sjúkrahús eða heilsugæslu og hvert var farið.

Ef ástand barnsins er lífshættulegt (barnið er í hjarta- og öndunarstoppi eða meðvitundarlaust) þarf að vinna samkvæmt verklagsreglum í hverju sveitarfélagi. Æskilegt er að tilkynning til foreldra komi frá áfallateymi slysadeildar eða sambærilegu teymi á hverju svæði.

8.10 Eftir slys

Eftir að slys hefur orðið er mikilvægt að yfirfara skráningar á því og öryggisatriði skólans.

8.10.1 Skráning slysa í skólum

Mikilvægt er að öll slys sem verða í skólum (á börnum) séu skráð á tiltekið slysaskráningarblað. Skráning slysa er mikilvægur hluti af innra og ytra eftirliti skólans. Skólastjóri tekur saman í lok hvers árs hvar, hvenær og hvernig slys hafa átt sér stað og skoðar t.d. hvar hættur í skólanum er að finna eða hvort eftirlit starfsfólks með börnum sé fullnægjandi. Sveitarfélög ættu árlega að taka saman yfirlit um slys í skólum.

8.10.2 Hvenær á að skrá slys í skóla?

Öll slys þar sem barn hefur hlotið það mikinn áverka að það þarfnast meðferðar hjá tannlækni, á slysadeild, barnaspítala, heilsugæslustöð eða hjá sérfræðingi ber að skrá á slysaskráningarblað.

Ekki er ástæða til að skrá alla áverka. Minni háttar áverka þar sem ekki er hætta á frekari afleiðingum ber ekki að skrá, eins og kúlu á enni, skrámur, grunnt klór og skolun á sandi úr auga.

Í þeim tilfellum þar sem skólastjóri óskar eftir því að slys sé skráð skal það gert.

8.10.3 Að hverju þarf að gæta þegar skráð er?

Mikilvægt er að við skráningu á slysaskráningarblaðið sé skráð hver var endanlegur meðferðaraðili og hver áverkagreiningin var. Slysaskráningarblað þar sem þessar upplýsingar vantar er ekki fullgilt. Ef ekki er hægt að skrá það strax verður að bíða eftir að foreldri láti vita hver eða hverjir meðferðaraðilar voru og hver endanleg sjúkdómsgreining var. Skólastjóri ber ábyrgð á verklagi við frágang þessara blaða og tryggir að því sé framfylgt.

8.10.4 Undirritun foreldra á slysaskráningarblaðið og afrit af því

Meginreglan er að foreldrar þurfa ekki að kvitta á slysaskráningarblöðin nema þar sem sveitarfélög hafa sett um það reglur að svo skuli vera. Hins vegar er nauðsynlegt að foreldri kvitti á slysaskráningarblaðið í þeim tilfellum þar sem starfsmaður skóla hefur metið áverkann þannig að fara þurfi með barnið til læknis eða hjúkrunarfræðings en foreldri ákveður að fara ekki eftir þeim tilmælum.

Er þetta gert til að tryggja að ekki verði hægt að koma síðar og halda því fram að starfsmenn skólans hafi ekki áttað sig á alvarleika áverkans. Það getur til dæmis verið í tilfelli þar sem barn hefur fengið gat á höfuðið og starfsmaður leikskólans hefur hringt í foreldri og óskað eftir því að farið sé með barnið á slysadeild. Við komu foreldris í skólann ákveður það að fara ekki með barnið þangað heldur býr um sárið sjálft (í skólanum eða heima).

Þetta er mikilvægt að skrá, þar sem meðferðin var í höndum foreldris og aukaverkanir geta komið fram síðar. Í slíkum tilfellum er mikilvægt að fá undirskrift foreldra á skráningarblaðið. Dæmi um texta sem foreldrar eru beðnir um að skrifa neðst á skráningarblaðið:

„Ég undirrituð/aður móðir/faðir barnsins [nafn barns] hef ákveðið að fara ekki eftir tilmælum skólans um aðhlynningu fyrir barnið á slysadeild eða heilsugæslu.“ Viðkomandi undirritar með dagsetningu, nafni og kennitölu.

Ekki er gert ráð fyrir því að foreldri fái sjálfkrafa afrit af slysaskráningarblaðinu nema reglur sveitarfélagsins kveði á um það. Foreldrum er heimilt að skoða blaðið og fá afrit af því.

Slysaskráningarblaðið er trúnaðarmál og má því ekki afrita né afhenda það öðrum en þeim sem hafa heimild til að skoða það, svo sem heilbrigðiseftirlitinu, sem ber að skoða þessi blöð til að kanna fjölda slysa og ástæður þeirra sem hluta af sínu ytra eftirliti. Ef aðrir biðja um skráningarblaðið þarf leyfi foreldra. Tilgangur beiðninnar þarf að vera skýr, svo sem ef um rannsóknir er að ræða. Mikilvægt er að einungis þeir sem uppfylla allar kröfur um rannsóknarheimildir og meðferð persónuupplýsinga fái aðgang að slysaskráningarblöðum í rannsóknarskyni.

8.10.5 Hvað er gert við slysaskráningarblöðin?

Skólastjóri ber ábyrgð á því að slysaskráningarblöð séu varðveitt og aðgengileg meðan barnið er þar í skóla. Við útskrift skal skólastjóri sjá til þess að blaðið fari í varðveislu í skjalasafni sveitarfélagsins eða til þess aðila sem varðveitir skjalasöfn einkarekinna skóla. Slysaskráningarblöðin þurfa að vera aðgengileg ef foreldrar eða barnið sjálft þurfa á þessum upplýsingum að halda síðar á lífsleiðinni samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

8.11 Lögregluskýrsla

Ef alvarlegt slys verður í skóla eða slys sem veldur barni áverka sem hugsanlega getur tekið sig upp síðar á ævinni er mikilvægt að gera lögregluskýrslu. Hún greiðir fyrir afgreiðslu hjá tryggingafélögum. Skýrslan er varðveitt hjá lögreglu. Skólastjóri getur óskað eftir afriti af henni ef þörf krefur.

Í þeim tilfellum þegar hringt er á sjúkrabíl kemur lögregla oftast með. Lögregla biður þá um ýmsar upplýsingar tengdar slysinu. Slíkt er ekki lögregluskýrsla heldur skýrsla vegna útkalls sjúkrabíls. Þess vegna þarf að fá lögreglu á staðinn til að gera sérstaka lögregluskýrslu um atvikið eða biðja um að hún sé gerð samhliða skýrslu vegna útkalls sjúkrabíls. Skólastjóri ber ábyrgð á að lögregluskýrsla sé gerð. Hægt er að óska eftir því að lögregluskýrsla sé gerð eftir á. Til að hægt sé að meta hvenær á að gera lögregluskýrslu þarf oft að bíða niðurstöðu læknisskoðunar.

Ef gerð er lögregluskýrsla á að upplýsa foreldra og rekstraraðila um það.

8.11.1 Slys á börnum sem gera skal lögregluskýrslu um

- Öll alvarleg slys, t.d. áverkar á innri líffærum og dauðsföll.
- Höfuðhögg. Heilahristingur, brot, umtalsverð blæðing, bjúgur eða annar alvarlegur áverki.
- Brunaslys, ef meira en 8-10% af líkamanum eru brennd og sár eru djúp.
- Öll beinbrot, sama hversu lítil þau virðast vera. Komi í ljós að grunur um beinbrot sé ekki réttur og barnið hafi aðeins tognað illa er óþarfi að gera lögregluskýrslu.
- Tannáverkar. Allir áverkar á tönnum þar sem staðfest er eða vafi leikur á að fullorðinstennur hafi skaddast, dottið úr, brotnað eða losnað.
- Augnáverkar. Allir alvarlegir augnáverkar, t.d. skert sjón.
- Klemmuáverkar, t.d. ef fingur fer af eða hangir á húðpjötlu.

8.12 Endurskoðun öryggismála eftir slys

Eftir slys er mikilvægt að fara vel yfir það sem gerðist og kanna hvort unnt hefði verið að fyrirbyggja það.

Áður en farið er í slíka vinnu þarf að ganga úr skugga um að starfsfólk sem hlut á að máli eigi ekki um sárt að binda. Ef einhverjum starfsmönnum líður illa vegna málsins er mikilvægt að þeir fái viðhlítandi áfallahjálp áður en greiningarvinnan á sér stað.

Æskilegt er að árlega sé gerð skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði í skólanum, byggð á áhættumati. Við áhættumat þurfa starfsmenn að vera vakandi fyrir umhverfi sínu með tilliti til slysavarna og bregðast við með viðeigandi hætti til að fyrirbyggja slys.

Mikilvægt er að starfsmenn upplýsi leikskólastjóra um atvik sem túlka má sem „næstum því slys“ til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Dæmi: Barn klifrar upp í bókahillu. Hún fellur frá vegg með barninu hangandi á. Starfsmönnum tekst að grípa hilluna og koma í veg fyrir að hún falli yfir barnið og hugsanlega slasi það.

Að mörgum alvarlegum slysum í skólum eru engin vitni og því liggja ekki alltaf fyrir upplýsingar um atburðinn. Til að koma í veg fyrir slíkt er mikilvægt að:

- Gera áhættumat á öllum svæðum skólans, bæði inni og úti.
- Gera teikningu af lóðinni og gera áhættumat þar sem öll falin og hættuleg svæði eru skilgreind og merkt.
- Tryggja að mönnun sé í samræmi við áhættumat og starfsmenn hafi yfirlit yfir öll svæði skólans þar sem börn eru, bæði úti og inni.
- Gera öðum viðvart ef starfsmaður þarf að víkja frá svæði sem hann einn hefur yfirsýn yfir til að tryggja gæslu allra svæða.
- Fara yfir allar aðstæður og verkferla þegar alvarleg atvik eiga sér stað og ræða ábyrgð starfsmanna. Ræða þarf hvað gerðist, hvernig var staðið að öryggismálum, t.d. hvers vegna ekki var starfsmaður á slysstað (ef við á) og ákveða hvernig verkferlum verði breytt til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.
- Tryggja að allir starfsmenn þekki áhættumatið og verkferla því tengda.

8.13 Viðtal við foreldra eftir alvarlegt slys

Þegar niðurstöður könnunar á slysi liggja fyrir er mikilvægt að skólastjóri bjóði foreldrum barnsins sem slasaðist viðtal. Þar er farið yfir athugun skólans á tildrögum slyssins og því hvað skólinn hyggst gera í framhaldinu. Með því að fara yfir það sem gerðist með foreldrum og segja þeim frá því hvað gert hefur verið í kjölfarið aukast öryggistilfinning þeirra og traust til skólans. Því er mikilvægt að halda ekki upplýsingum sem skipta máli frá foreldrum.

Leikskólastjóri þarf að hafa allar upplýsingar um málið áður en hann tjáir sig um það.

Mikilvægt er að sveitarfélög/rekstraraðilar setji sér verklagsreglur um framkvæmd viðtala eftir alvarleg eða lífshættuleg slys.

8.13.1 Foreldraráð, skólaráð og foreldrafélag

Mikilvægt er að foreldrum, foreldraráði, skólaráði og foreldrafélagi sé tilkynnt um stöðu öryggismála í skólanum og foreldraráði eða skólaráði sé greint frá alvarlegum atvikum sem upp koma. Eftirlitsskýrslur heilbrigðiseftirlits ættu að vera aðgengilegar fyrir foreldra.

8.14 Tilkynning um slys – hvert ber að tilkynna?

Mikilvægt er að ákveðin slys sem verða á börnum í skóla séu tilkynnt til þeirra aðila er málið varðar. Þau slys sem tilkynna skal lögreglu eru skilgreind í efnisgrein **8.11.1 Slys á börnum sem gera skal lögregluskýrslu um**, bls. 34.

8.14.1 Tilkynning

Tilkynna á öll slys til rekstraraðila til að tryggja að þeir hafi yfirlit yfir öll meiri háttar slys og geti gert viðeigandi ráðstafanir. Rekstraraðilar bera ábyrgð á því að öryggi barna sé tryggt. Rekstraraðili er auk þess ábyrgur fyrir fjármálum og því er mikilvægt fyrir hann að hafa þessar upplýsingar, t.d. þegar hann undirbýr fjárhagsáætlun. Þetta ætti einnig að hjálpa honum í forgangsröðun viðhalds.

Mikilvægt er að verkferlar varðandi tilkynningar til rekstraraðila og þeirra sem hafa eftirlit með húsnæði og leiksvæðum á vegum rekstraraðila séu skýrir, þannig að skólastjóri viti hvert hann á að tilkynna slys. Verkferlarnir og gerð þeirra eru á ábyrgð rekstraraðila.

Yfirleitt er ákveðnum starfsmanni í sveitarfélaginu falið eftirlit með starfsemi skólans. Ef um einkarekna skóla er að ræða eða skóla sem starfræktir eru af félagasamtökum er almennt ákveðinn aðili skipaður til að vera í samstarfi við skólastjóra um almennan rekstur.

8.14.2 Heilbrigðiseftirlit

Heilbrigðiseftirlit viðkomandi sveitarfélags veitir skóla starfsleyfi, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Starfsleyfisskilyrðin taka meðal annars á öryggi og slysavörnum, húsnæði og búnaði, leikföngum, lóð, leikvallatækjum og leiksvæði, skráningu slysa og reglubundnu innra eftirliti. Sjá nánar Starfsleyfisskilyrði fyrir leikskóla og skóla á vef Umhverfisstofnunar.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga gerir árlega athugun á að kröfum um öryggi sé framfylgt og reglubundið innra eftirlit hafi farið fram.

Ef rekja má slys til vanbúnaðar eða bilunar á húsnæði, lóð eða öðrum þáttum sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum skóla, skal tilkynna viðkomandi heilbrigðiseftirliti um slysið. Jafnframt má senda afrit af slysaskráningarblaði.

8.14.3 Tilkynningar til tryggingafélaga

Mikilvægt er að skólastjóri viti hvar skólinn er tryggður og hafi yfirlit um þær tryggingar sem eru í gildi. Sérstaklega er þetta mikilvægt þegar kemur að slysatryggingum barna. Í þeim tilfellum þar sem slys á barni er þess eðlis að gera þarf lögregluskýrslu þarf að tilkynna slysið til viðkomandi tryggingafélags. Um er að ræða þau tilfelli þar sem eftirmál geta orðið vegna slyssins og því nauðsynlegt að slysatilkynning sé skilvirk til að réttindi barns séu tryggð síðar.

Einnig getur þurft að tilkynna til tryggingafélags af öðrum ástæðum. Dæmi: Barn er flutt með sjúkrabíl vegna gruns um fótbrot. Í ljós kemur að barnið hefur tognað og því ekki um alvarlega áverka að ræða og því ekki nauðsynlegt að gera lögregluskýrslu. Vegna tryggingamála getur í þessu tilfelli samt verið nauðsynlegt að tilkynna atvikið til tryggingafélagsins.

9 Almannavarnir og eldvarnir

Almannavarnir snúast um það skipulag og stjórnkerfi sem er virkjað á hættustundu. Samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008 er markmið þeirra að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir eða takmarka, eftir því sem unnt er:

- Að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni.
- Að umhverfi og eignir verði fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsótta eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum.
- Að veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns, sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið.

Sveitarfélög fara með almannavarnir í héraði í samvinnu við ríkisvaldið. Stjórn almannavarnamála í hverju lögsagnarumdæmi er í höndum lögreglustjóra sem hefur almannavarnanefnd sér til fulltingis. Lögreglustjóri fer einnig með stjórn leitar og björgunar í sínu umdæmi.

9.1 Rýming

Ef lögreglustjóri gefur út fyrirmæli um rýmingu er öllum sem staddir eru í skólanum skylt að rýma bygginguna. Almannavarnir í héraði opna fjöldahjálparstöð og halda skráningu um dvalarstaði fólks þangað til því er heimilt að fara til síns heima.

Allir skólar sveitarfélagsins hafa gert eigin rýmingaráætlun, þar sem ábyrgð og verkefni starfsmanna við rýmingu skólans eru skilgreind.

9.2 Eldvarnir

Eldvarnir miða fyrst og fremst að því að tryggja líf og heilsu barna og starfsmanna. Þær geta einnig dregið verulega úr tjóni á eignum.

Eftirfarandi atriði eiga að vera til staðar og í lagi:

- Reykskynjarar, nægilega margir og rétt staðsettir.
- Þekking á fyrstu viðbrögðum.
- Flóttaleiðir, nægilega margar, greiðfærar og teiknaðar á blað.
- Slökkvibúnaður af réttri gerð og rétt staðsettur.

Til að tryggja rétt viðbrögð þarf að huga að virkri umræðu í starfsmannahópnum um brunavarnir og viðbragðsáætlun, ásamt reglulegum brunaæfingum meðal starfsmanna og barna.

9.3 Náttúruvá

Íslendingar hafa oft þurft að takast á við óblíð náttúruöflin og hættulegar afleiðingar þeirra. Eldgos með tilheyrandi hraunrennsli, öskufalli og jafnvel jökulhlaupi, aurskriður, sjávarflóð og snjóflóð, jarðskjálftar, óveður og kuldi, hafa bæði valdið manntjóni og fjárhagsskaða.

9.3.1 Loftgæði og svifryk

Á vef Umhverfisstofnunar eru upplýsingar um loftgæði innandyra og um svifryk, þar sem einnig er að finna upplýsingar um mælingar á svifryki.

Áhrif svifryks á heilsu fólks eru að miklu leyti háð stærð agnanna. Fínar agnir eru heilsufarslega mun hættulegri en þær grófu, en agnir minni en 10 µm (míkrómetrar) eiga auðveldara með að ná djúpt niður í lungun og geta því safnast þar fyrir.

9.3.2 Eldgos

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera þó oftast boð á undan sér, t.d. með jarðskjálftum sem greinast á mælum Veðurstofu Íslands og fleiri stofnana. Hætta getur stafað af eldgosum vegna hraunrennslis og öskufalls. Aska úr einu gosi getur borist um allt land með vindum. Gjóskan getur verið varasöm vegna eldinga, eiturgufa og annarra eiturefna.

Fylgja skal fyrirmælum almannavarnanefndar á svæðinu.

Nánar um eldgos á vef Almannavarna.

Upplýsingar um viðbrögð við öskufalli er að finna í bæklingi á vef Umhverfisstofnunar.

9.3.3 Eldingar

Hætta á eldingum getur skapast við þrumuveður og eldgos. Eldingahætta frá gjósandi eldstöð er mest í gosmekkinum sjálfum og getur náð allt að 30-40 km undan vindi frá eldstöðinni.

Nánar um eldingar, varnir og viðbrögð á vef Almannavarna.

9.3.4 Fárviðri

Það telst fárviðri þegar vindhraði nær 33 m/sek, sem jafngildir 64 hnútum (12 vindstigum).

Ef Veðurstofa Íslands varar við veðri skal taka það alvarlega, sérstaklega ef varað er við miklum vindi, snjókomu, frostregni og/eða ofsakulda. Fylgjast skal með tilkynningum og viðvörunum sem kunna að vera gefnar.

Fylgja ber þeim leiðbeiningum almannavarnanefndar sem gilda á svæðinu.

Nánar um viðbrögð við fárviðri á vef Almannavarna.

9.3.5 Jarðskjálftar

Jarðskjálftar gera sjaldnast boð á undan sér og því er nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir fyrirfram og læra rétt viðbrögð. Hægt er að draga verulega úr hættu ef komið er í veg fyrir að þungir hlutir geti fallið yfir börn og starfsfólk.

9.3.6 Viðbrögð við jarðskjálfta

Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu. Leita skal skjóls og vera kyrr á öruggum stað innandyra, t.d. úti í horni við burðarveggi fjarri gluggum. Ef vaknað er við jarðskjálfta skal halda kyrru fyrir og nota kodda til að verja höfuð.

9.3.7 Snjóflóð og aurskriður

Veðurstofa Íslands og snjóflóðaathugunarmenn fylgjast með snjóflóðahættu í byggð. Ef snjóflóðahætta skapast skal yfirgefa hættusvæði í samræmi við fyrirmæli lögreglustjóra, sbr. kafla 9.1. Rýming, bls. 37. Það sama gildir um aurskriður.

Nánar um jarðskjálfta, varnir og viðbrögð á vef Almannavarna (Almannavá og áhætta).

9.3.8 Jökulhlaup

Jökulhlaup stafa ýmist af eldgosum eða jarðhita undir jökli. Mesta náttúruváin vegna jökulhlaupa hér á landi er vegna eldgosa í Kötlu í Mýrdalsjökli.

9.3.9 Flóðbylgjur

Flóðbylgjur eru mjög sjaldgæfar hér á landi, en þær geta valdið miklu tjóni. Bylgjur geta myndast í kjölfar jarðskjálfta, jökulhlaupa og eldgosa. Einnig getur hrun á landgrunninu eða hrun í sjó fram orsakað flóðbylgjur. Hérlendis hafa flóðbylgjur valdið skaða, t.d. þegar snjóflóð hafa fallið í sjó fram í þröngum fjörðum á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Fylgja skal leiðbeiningum frá almannavarnanefnd á svæðinu.

10 Skólareglur og fleira á heimasíðum skólanna

Skólareglur (og fjölda annarra upplýsinga) er hægt að nálgast á heimasíðu hvers skóla.

- Leikskólinn Eyrarskjól
- Leikskólinn Sólborg
- Leikskólinn Grænigarður
- Leikskólinn Laufás
- Leikskólinn Tjarnarbær
- Grunnskólinn á Ísafirði
- Grunnskóli Önundarfjarðar
- Grunnskólinn á Suðureyri
- Grunnskólinn á Þingeyri